

SHAUÐÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Garðurinn



Fyrsta blómabóstran

Jóhanna Lovísa Stefánsdóttir
tekur að sér að hirða garða og
vökva blóm fyrir fólk í fríi.

garðurinn 2



FRÉTTABLAÐIÐ

ÞRIÐJUDAGUR

PITT

20. júlí 2010 — 168. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Í slagviðri í Færeyjum

FM Belfast spilaði á tónleikahátíðinni G! þrátt fyrir vonskuveður og fjúkandi tjöld.

fólk 22

Fengu viðurkenningu

Fjórar íslenskar stúlkur verðlaunaðar á Ólympíuleikum í stærðfræði.

tímamót 14




Logi hættur hjá KR

Logi Ólafsson er fimmti þjálfarinn í röð sem hættir hjá KR á miðju tímabili.

sport 19

veðrið í dag



HLÝNAR A-LANDS Í dag verður víðast hæg vestlæg eða breytileg átt og bjartviðri en sums staðar skýjað með köflum syðra. Hiti 10-20 stíg, hlýjast A-lands.

VEÐUR 4

Stjórnvöld bíða dóms í vaxtamáli Lýsingar

Héraðsdómur fellir brátt dóm um vaxtaþróentu á uppgjöri gengistryggðra lána. Stjórnvöld vinna ekki að lagabreytingum en horfa til niðurstöðu þess dóms. Hæstiréttur verður að skera úr um ýmsa þætti, segir viðskiptaráðherra.

EFNAHAGSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur kveður upp dóm fyrir helgi í máli Lýsingar á hendur skuldara. Málið var höfðað í kjölfar dóms Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingar bílalána og var höfðað til að fá skorið úr um vaxtaþróentu.

Heimildir Fréttablaðsins herma að stjórnvöld muni líta til niðurstöðu héraðsdóms varðandi breytingar á lögum í kjölfar dóms Hæstaréttar. Ekki er unnið að lagabreytingum í ráðuneytunum, en dómurinn gæti breytt því.

Ríkisstjórnin hefur ekki fjallað um málið síðan skömmu eftir dóm Hæstaréttar. Þá var ákveðið að úrskurð Hæstaréttar þyrfti varð-

andi ýmsa óvissuþætti, svo sem vexti. Máli Lýsingar verður vísað til Hæstaréttar.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um lagaþróingu og ljóst sé að Hæstiréttur muni þurfa að skera úr um ýmsa þætti málsins. Hann vill ekki segja til um hvort þurfi að breyta lögum umfram það sem leiðir af niðurstöðu Hæstaréttar.

„Við erum auðvitað að skoða það sem varðar málið almennt, bæði hagfræðilegar, lögfræðilegar og fjárhagslegar afleiðingar og það er svo sem verið að gera það víðar, en við erum ekki að undirbúa neina

sérstaka lagasetningu,“ segir Gylfi. Lög um vexti og verðtryggingu heyri undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Ráðherranefnd um efnahagsmál, í hverri sitja Gylfi, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, fundaði í gær og bar málið þar á góma, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þá er ekki loka fyrir það skotið að það verði rætt á ríkisstjórnarfundum í dag. Heimildir herma þó að ekkert verði af lagasetningu fyrr en í fyrsta lagi eftir dóm héraðsdóms, kannski ekki fyrr en að dómi Hæstaréttar í haust föllum.

- kóp



TIL ÍSLANDS Hoffmann og Stewart eru spenntar fyrir brúðkaupsferðinni.

Ný hjúskaparlög vekja athygli:

Láta pússa sig saman á Íslandi

FÓLK Edie Hoffmann og unnusta hennar, Jen Stewart, koma hingað til lands og láta gefa sig saman á Hinsegin dögum í Reykjavík í ágúst.

„Þegar við kynntum okkur landið áttuðum við okkur á því að Hinsegin dagar í Reykjavík yrðu á sama tíma og við verðum í fríi,“ segir Hoffmann, en unnusta hennar hefur lengi dreymt um að ferðast til Íslands. „Þegar við höldum áfram að kynna okkur landið voru lög um giftingu samkynhneigðra staðfest. Þetta var hætt að líta út eins og tilviljun og við ákváðum því að láta verða af þessu.“

- Is / sjá síðu 22



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á VEGUM ÚTI Það sló ekki slöku við fólknið sem malbikaði í sólinni í gær á Suðurlandsvegnum, skammt ofan Reykjavíkur. Sumarið er enda tíminn til viðhaldsframkvæmda á vegum. Alls fara 1,7 milljarðar í viðhald á bundnu slitlagi árið 2010.

Alls fara 1,7 milljarðar króna í viðhald bundins slitlags árið 2010:

Sumarið er tími malbikunar

FRAMKVÆMDIR Vegavinnufólk um allt land keppist nú við að nýta sumarblíðuna sem best og gera við vegi landsins á meðan enn er sumar. Langstærstur hluti viðhalds á bundnu slitlagi fer fram yfir sumartímann og því er helst ekki sinnt eftir 1. september, þótt malbikað sé heldur lengra fram á haustið.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vega-

gerðarinnar, segir að heldur hafi dregið úr framkvæmdum hjá fyrirtækinu eins og öðru eftir hrun. „Við höfum þó reynt að halda í viðhaldið eins og við höfum getað.“

Samkvæmt vegaáætlun fyrir árið 2010 fara 1,7 milljarðar króna í viðhald bundins slitlags. Í viðhald alls fara 8,2 milljarðar króna og er þar vetrarþjónusta einnig talin með.

- kóp

létt&laggott
er komið í
nýjan búning



mg

Pizza
toppur



Rífandi góður á:
Pastaréttinn
Pizzuna
Ofnréttinn

Tvær
pakningar
í einni: 2x90g



muundu
eftir
mjólkinni!

muu



Tengdu þig við
stærsta 3G net
landsins í sumar

Netlykill á 0 kr.

Þú getur fengið 3G netlykil á 0 kr. gegn sex mánaða bindingu.
Netlykilinn geturðu notað í sumarbústaðnum, fellihýsinu eða bara á þjóðveginum,
enda veitir hann aðgang að stærsta 3G dreifikerfi landsins.

Kynntu þér hagstæðar áskriftarleiðir Símans.

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

GENGIÐ 19.07.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	122,24	122,82
Sterlingspund	186,9	187,8
Evra	158,63	159,24
Dönsk króna	21,245	21,369
Norsk króna	19,437	19,551
Sænsk króna	16,628	16,726
Japanskt jen	1,4043	1,4125

SDR 184,83 185,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

212,997

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

4

Ung kona handtekin eftir ofsaakstur undan lögreglu:

Framdi ellefu lögbrot

LÖGREGLUMÁL „Til allrar guðs lukku slasaðist enginn, ég skil ekki hvernig það slapp til,“ segir Karl Hjartarson lögregluvarðstjóri um glæfراكstur 27 ára konu úr Grafarvogi yfir í Kópavog síðdegis í gær.

Lögregla veitti númerslausum bíl konunnar athygli á Hallsvegi í Grafarvogi og gaf henni merki um að stöðva.

Hún sinnti því engu heldur spændi af stað, rásaði á milli þéttskipaðra akreina á allt upp undir 140 kílómetra hraða uns hún stöðvaði nauðug viljug í umferðarteppu við Smáratorg í Kópavogi. Á leið-

inni fór hún tvisvar yfir á rauðu ljósi.

Konan var handtekin þegar í stað og færð í fangageymslu. Í þvagsýni fundust leifar af einhvers konar fíkniefnum. Til stóð að yfirheyra hana í gærkvöldi eða í dag. Konan er ökuréttindalaus eftir ítrekaðan akstur undir áhrifum fíkniefna. Lögreglu telst til að hún hafi með stórhættulegum akstri sínum í gær gerst sek um minnst ellefu lögbrot.

Áð sögn Karls var enginn með konunni í bílnum, nema skíthráddur smáhundur. - sh

Ökuleið konunnar



Eftirförin hófst á Hallsvegi og þaðan ók konan suður Gullinbrú, upp Höfðabakka og beygði vester Artúnsbrekku. Þaðan fór hún um slaufu inn á Reykjanesbraut og ók hana í suður og vester þar til hún beygði inn á Fíuhvamsveg. Hún festist síðan í umferðarteppu á bílastæði við skyndibitastaðinn Metrú á Smáratorgi.

Forseti Alþingis á ráðstefnu:

Aukin þátttaka kvenna lykill að bættri heilsu

STJÓRN MÁL Aukin þátttaka kvenna í stjórnmálum er einn lykillinn að betri heilsu kvenna og barna,



þar sem konur eru líklegri til að forgangsgæta í þágu þessara mála. Þetta sagði Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, í ávarpi sínu á ráðstefnu kvenþingforseta um helgina. Hún talaði um þróun þessara mála á Íslandi, aðferðir við að koma á auknu jafnrétti í stjórnmálum og mikilvægi þess að karlar taki þátt í velferðar- og jafnréttismálum í auknum mæli.

ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Áðalefni ráðstefunnar voru þúsaldarmarkmið SP um auknið kynjajafnrétti, bætt heilsufar kvenna og áttak til að draga úr barnadauða. - þeb

Söfnunarreikningur stofnaður:

Safna fyrir þá verst settu

SAMFÉLAGSMÁL Stofnaður hefur verið söfnunarreikningur fyrir þá landsmenn sem verst eru settir eftir hrun íslensku bankastofnanna. Félagið Sumarhjálpin stendur að söfnuninni en það var stofnað af hópi fólks sem tekið hefur þátt í grasrótarstarfi á undanföllum misserum.

Þær fjölskyldur og einstaklingar sem þurfa á aðstoð að halda geta haft samband við Sumarhjálpin í síma 534-7720 eða í gegnum tölvupóstfangið sumarhjálpin@simnet.is. Gefa þarf upp nafn, heimilisfang, símanúmer, kennitölu og helstu ástæður fyrir aðstoð. - mpj



JÓN BJARNASON Fulltrúar Lands sambands íslenskra útvegsmanna gengu á fund ráðherra í sjávarútvegsráðuneytinu í gær og fóru fram á að hann endurskoðaði ákvörðun sína um að gefa frjálssar veiðar á úthafs-rækju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skorið úr um rækjukvóta í næsta mánuði

Farið verður nánar yfir ákvörðun um að gefa frjálssar veiðar á úthafs-rækju. Fulltrúar LIÚ funduðu um málið í gær með Jóni Bjarnasyni, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Framkvæmdastjóri LIÚ er vongóður um viðsnúning í málinu.

SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegsráðherra upplýsir í næsta mánuði hvort ákvörðun hans um að gefa veiðar á úthafs-rækju frjálssar á veiðiárinu 2010/2011 standi. Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, fundaði í gær um málið með fulltrúum Lands sambands íslenskra útvegsmanna (LIÚ).

Fríðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ, segir að farið hafi verið yfir stöðu málsins á fundinum og ráðherra kynnt afstaða og röksemdir LIÚ. Sambandið telur ákvörðun um að gefa

veiðarnar frjálssar ólöglega. „Við fórum þess á leit við ráðherra að hann endurskoðaði þessa ákvörðun sína, en það verður svo bara að koma í ljós,“ segir hann.

Þá segir Fríðrik ákvörðun ráðherra um að gefa veiðarnar frjálssar að stórum hluta byggða á misskilningi. „Við fórum yfir af hverju aflamarkmið hefur ekki veiðst, en fyrst og fremst hefur það verið vegna þess að það hefur ekki verið arðbært. En það hefur skánað og nú er þetta að veiðast. Þannig að í ljósi þessa erum við bara bjartsýnir á að ráðherra breyti þessari afstöðu

sinni.“ Fríðrik hefur eftir ráðherra að farið verði yfir málið í ágúst.

Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður, sem fjallar um málið á vef sínum, furðar sig hins vegar á að veiðarnar skuli ekki hafa verið gefnar frjálssar fyrir. Hann segir að samkvæmt lögum beri ráðherra að gefa veiðar frjálssar séu útgefnar veiðiheimildir ekki nýttar. Hann segir fyrrverandi ráðherra hafa virt lögin að vettugi og sýnt einbeittan brotavilja enda hafi legið fyrir í mörg ár að úthafs-rækjustofninn hafi verið vannýttur. - olíkr@frettabladid.is

Raunvirði íbúða snarlækkar:

Lækkar um tæp 38 prósent

FASTEIGNAMÁL Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um 37,8 prósent að raunvirði frá því að verðbólgan stóð sem hæst, samkvæmt greiningardeild Íslandsbanka.

Eru það litlar fjölbýlisíbúðir sem eru vinsælastar á markaðnum en stærri og dýrari eignir eru tregari í sölu. Ekki er talið líklegt að veltan aukist á íbúðamarkaðnum fyrr en óvissa varðandi tekjumöguleika heimila minnkar. - sv

Tíunda risapötan afhent í ár:

Airbus hálfnað með árssöluna

IBNAÐUR Evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus er kominn hálfa leið að því marki sínu að afhenda að minnsta kosti tuttugu A380 risapötur á þessu ári.

Tíunda þotan var afhent fyrir helgi þegar Singapore Airlines fékk sína elleftu vél og Lufthansa aðra vél sína, að því er fram kemur í tilkynningu Airbus. Núna eru því 33 slíkar þotur í notkun í heiminum. Þeim á þó eftir að fjölga, því sautján viðskiptavinir Airbus hafa alls pantað 234 vélar.

Önnur flugfélög sem hafa risapötuna í flota sínum eru Emirates Airline, Air France og Qantas. - óká



STIGIÐ UM BORD Airbus A380 er stærsta farþegaþota heims.

kostur
Spörum og njótum lífsins

Opið alla daga 10-20

Mjólk
á tilboði alla þriðjudaga

Nýmjólk & léttmjólk 1L

75 kr/stk

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir
veðurfréttamaður

FLOTT NA-LANDS
Norðausturlandið verður með besta veðrið í vikunni en þar fer hitinn hækkandi og horfur á bjartviðri að minnsta kosti fram að helgi. Annars staðar verður áfram hið besta veður en dregur eillitíð fyrir vestan til næstu daga.

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	31°
Berlín	28°
Billund	26°
Frankfurt	31°
Friedrichshafen	31°
Gautaborg	26°
Kaupmannahöfn	26°
Las Palmas	23°
London	26°
Mallorca	25°
New York	32°
Orlando	35°
Ósló	21°
París	31°
San Francisco	19°
Stokkholmur	23°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR 3-8 m/s V-til annars víða hægvíðir.

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Ítalía og Kanada

Beint skíðaflug með Icelandair allan næsta vetur!

Ljósmyndart: Randy Lincks



Fararstjórnar: Einar, Anna, Evert og Örn

Flugáætlun:

22. og 29. janúar
5., 12., 19. og 26. febrúar



Lilja Jónsdóttir er einn af ferðaráðgjöfum VITA og hefur áralanga reynslu af sölu skíðaferða.



Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt affreyngarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Selva Ítalía



Hótel Des Alpes

22.-29. janúar

Selva Val Gardena – Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúrufegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

Verð frá 149.970 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli á hótel Des Alpes, sem er lítið og snorturt 3ja stjörnu hótel í miðbæ Selva.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 159.970 kr.

Val di Fiemme Ítalía



Hótel Shandrani

22.-29. janúar

Val di Fiemme – Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verð frá 155.910 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli á hótel Shandrani, sem er glæsilegt 4ra stjörnu hótel með öllum þægindum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálf fæði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 165.910 kr.

Whistler Kanada



Hótel Westin

9.-19. mars

Whistler, Kanada – Skíðasvæðið þar sem vetrarólympíuleikarnir voru haldnir sl. vetur. Þarf að segja meira?

Verð frá 309.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli á hótel Westin Whistler, sem er gott 4ra stjörnu svítuhótel og best staðsetta hótelið í Whistler.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn, akstur milli Seattle og Whistler, gisting í eina nótt í Seattle og 9 nætur í Whistler.
*Verð án Vildarpunkta 319.900 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



Á að reyna að rifta samningi um hlut Magma á HS orku?

JÁ	74,8%
NEI	25,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Óttast þú afleiðingarnar fari slökkviliðsmenn í verkfall?

Segðu þína skoðun á vísir



Svört skýrsla Amnesty International um heilbrigðiskerfið í N-Kóreu:

Útlimir teknir af án svæfinga

NORÐUR-KÓREA, AP Læknar í Norður-Kóreu neyðast til þess að fjarlægja útlími fólks án þess að það fái svæfingu og þurfa að vinna við kertaljós án nauðsynlegra lyfja, hita og rafmagns. Þetta segir í skýrslu Amnesty International um ástand heilbrigðiskerfisins.

Skýrslan byggist á viðtölum við rúmlega fjörutíu Norður-Kórebúa sem hafa flúið til nágrannalandsins Suður-Kóreu. Einnig voru tekin viðtöl við forsvarsmenn stofnana og heilbrigðis-

starfsfólks sem hefur unnið með N-Kóreumönnum. Niðurstaðan er sú að heilbrigðiskerfið sé í rúst.

Heilbrigðiskerfi landsins hefur farið hnignandi undanfarnin ár, þótt yfirvöld í landinu segist veita öllum borgurum sínum ókeypis heilbrigðisþjónustu.

Í viðtali við 24 ára mann er því lýst hvernig fimm manns hafi haldið honum niðri á meðan verið var að fjarlægja fót hans fyrir neðan hné.

Í skýrslunni segir einnig að sjúklingar þurfi að borga lækn-

um í peningum, sigarettum eða áfengi til þess að fá aðhlýningu. Þeir sem ekki eigi peninga fari því ekki á sjúkrahús.



KIM JONG-IL

að margnýta einnota vörur.

- þeb

Misnotkun presta:

Vatíkanið ver nýjar reglur

VATÍKANIÐ, AP Talsmaður Vatíkansins varði endurskoðaðar reglur um kynferðislega misnotkun presta á laugardag. Reglurnar voru sagðar mikilvægar og varanlegt svar við málum um kynferðislega misnotkun.

Vatíkanið gaf út endurskoðaðar reglur í liðinni viku. Nýju reglurnar taka ekki einungis á prestum sem áreita börn heldur einnig á þeim sem áreita andlega veika. Reglurnar voru gagnrýndar meðal fórnarlamba sem sögðu þær ekki ganga nógu langt. - mmm

Skemmdarverk ekki útilokað: Lestarslys varð 61 að bana

INDLAND, AP Að minnsta kosti 61 lét lífið í lestarslysi í austurhluta Indlands í gær. 125 til viðbótar slösuðust.

Hraðlest rakst á miklum hraða á venjulega farþegalest og gjör-eyðilagði tvo farþegavagna og einn matarvagn. Farþegavagnarnir voru á lögsta farrými þar sem yfirleitt er trúðullt. Að sögn sjónarvotta tók það björgunarmenn þrjár klukkustundir að komast á vettvang.

Ekki er útilokað að skemmdarverk hafi valdið slysinu að sögn yfirvalda á Indlandi. Tæpir tveir mánuðir eru síðan slík skemmdarverk urðu 145 manns að bana í lestarslysi í landinu. - þeb



SJÓMANNASKÓLINN Mötuneyti Sjómannaskólans hefur verið fjölsótt að undanförmu en þar er boðið upp á úrvalsmat án endurgjalds.

Hjálparkerfnið Samverjinn: Hátt í hundrað manns í mat

SAMFÉLAGSMÁL Mikill fjöldi fólks hefur sótt mötuneyti Sjómannaskólans í hádeginu frá því að samhjálparkerfnið Samverjinn var sett á laggirnar 13. júlí. Ókeypis matur er í boði og eru það félagar í klúbbi matreiðslumeistara sem elda hádegisverðinn og Félag atvinnurekenda sem stendur fyrir verkefninu.

Fjölmörg fyrirtæki hafa gefið hraefni og að sögn Ragnheiðar Guðfinnu Guðnadóttur verkefnisstjóra hafa sjálfboðaliðar streymt að. Á bilinu sjöttu til hundrað manns hafa komið í mat á degi hverjum. - sv

Fásinna að rifta kaupum Magma á HS orku

Rakni upp samningar um kaup Magma á hlut í HS orku og þar með fyrri samningar um eignaskipti gæti auðlindin endað á borði erlendra kröfuhafa, segir Magnús Orri Schram. Hann óttast líka fælingarmátt slíks gjörnings á erlenda fjárfesta.

STJÓRN MÁL Fari svo að stjórnvöld hlutist til um að rifta kaupum Magma á hlut Geysis Green Energy í HS orku kann það að leiða til þess að auðlindin sjálf lendi í höndum erlendra kröfuhafa bankanna. Þetta segir Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar.

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, upplýsti í Fréttablaðinu um helgina að þótt ekki væri vænlegt fyrir ríkið að ganga inn í kaupun, vegna kostnaðar, væri til skoðunar hvort rifta mætti kaupunum. Samfylking og Vinstri græn eru í ríkisstjórn.

Magnús Orri segir mjög ranga stefnu að opna þann möguleika að ríkið stígi inn í samningana með einhverjum hætti, enda gæti það unnið gegn yfirlýstu markmiði um að halda orkuauðlindum í íslenskri eigu og um leið orðið til þess að fæla erlenda fjárfestingu frá landinu.

„Það er ekki verið að selja auðlindina sjálfa heldur fyrirtæki sem sér um nýtingarréttinn. Þetta er áhætturekstur sem opinberir aðilar eiga ekki að skipta sér af og algjör fásinna að ríkið eigi að fara inn í þetta mál,“ áreitar hann og telur að ef gripið yrði inn í ferlið, til dæmis með lagasetningu, þá yrði undið ofan af öllum samningum sem gerðir hafa verið um HS orku, allt aftur til þess tíma þegar eitt fyrirtæki átti bæði orkuna og nýtingarréttinn. „Að óbreyttu væri það fyrirtæki gjaldþrota og í eigu erlendra kröfuhafa og auðlindin myndi því færast í eigu útlendinga. Menn þurfa að átta sig á því hvert þetta leiðir.“



SVARTSENGI Ólík sjónarmið eru innan stjórnarflokkanna varðandi aðkomu Magma að HS orku. Þingmaður VG vill finna leiðir til að rifta kaupum félagsins, en þingmaður Samfylkingar fagnar aðkomu þess að áhætturekstri sem ríkið eigi ekki að vasast í. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



BJÖRN VALUR GÍSLASON



MAGNÚS ORRI SCHRAM

um atvinnulífsins aftur af stað. Ég hins vegar heyrir það að erlendir aðilar sem eru að velja fyrir sér að koma hingað, til dæmis í tengslum við gagnaver, spyrja sig hvort þeir eigi að leggja í þessa leið. Því ef Ross Beaty [forstjóri Magma] sem er búinn að búa til sjálfseignarstofnun í kringum sínar fjárfestingar fær ekki góðan byr með þær hér, þá sjá þeir ekki fram á að vel gangi hjá þeim sjálfum. En veigameira er að inngríp stjórnvalda í lögmeta viðskiptasamninga ber vott um stjórnmalalegan óstöðugleika sem er eitru í beinum erlendra fjárfesta.“

Aukinheldur telur Magnús Orri að inngríp stjórnvalda myndi koma í veg fyrir erlenda fjárfestingu í landinu næstu árin. „En við þurfum erlenda peninga inn í landið til þess að koma hér hjól-

olikr@frettabladid.is



STRANDLÍF Landsmenn hafa notið sólar í Nauthólsvík að undanförmu.

Hitamet slegið enn á ný: Heitasta sem mælst hefur

VEÐUR Júnímánuður í ár var sá fjórði í röðinni þar sem hitamet var slegið. Var þetta 30. mánuðurinn í röð þar sem hiti mælist yfir meðallagi.

Samkvæmt Veðurstofu Íslands eru hitatölur í júní 2010 þær hæstu sem mælst hafa á Íslandi. Ekki er þó víst að júlí muni slá júní við því þótt heitt hafi verið á suðvesturhorninu og Suðurlandi hefur verið kaldara fyrir norðan og austan.

Búist er við því að draga muni úr hitanum á næstu dögum og gert er ráð fyrir rigningu um næstu helgi um mest allt land. - sv

Thai Reykjavík býður í mat: Ókeypis matur fyrir bágstadda

SAMFÉLAGSMÁL Veitingastaðurinn Thai Reykjavík býður ókeypis mat á milli fjögur og sex í dag. Magnús Heimisson framkvæmdastjóri segir að þeir sem séu aflögu-færir eigi að gefa af sér til þeirra sem minna mega sín og skorar á aðra veitingamenn að gera slíkt hið sama. Hann segir mikilvægt að allir leggi hönd á plóg nú þegar hjálparstofnanir eru lokaðar.

Djúpsteiktur rækjur, fiskur og eggjanúðlur er meðal þess sem verður á boðstólum hjá Thai Reykjavík og getur fólk hvort sem það vill snætt á staðnum eða tekið með sér heim. - sv



Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift

10,46%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sígtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 30.06.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útbótisýningu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útbótisýningu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.



Við öflum fyrir þig

Rúðupurrkur?

Skyggni er ekkert vandamál í brakandi blíðu þegar sólin er hátt á lofti. Í úrkomu og slæmu veðri er annað uppi á teningnum. Þá verða rúðupurrkurnar að vera í lagi til að geta hreinsað rúðuna fyrirvaralaust. Til viðbótar við rúðupurrkur skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. **Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.**



VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvað heitir nýráðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar?
- 2 Hvaða matvara hefur hækkad í verði langt umfram verðbólguvísitölu?
- 3 Hvað eru starfrækt mörg minkabú á landinu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

Full vinnsla í HB Granda:

Skólafólk á fullu í fiskinum

SIÁVARÚTVEGUR HB Grandi hefur getað haldið fullri starfsemi í sumar og ekki þurft að grípa til hefðbundinna sumarlokana. Ástæðan er sú að skólafólk hefur hlaupið í skarðið þegar starfsfólk tekur sér frí og ekkert hlé þurfti því að gera á vinnslunni.

Frá þessu segir í Skekkuhorni og þar er rætt við Þróst Reynisson, vinnslustjóra landvinnslu hjá fyrirtækinu. Hann segir að þetta gildi um fiskiðjuverin á Akranesi og í Reykjavík. Hann segir veði ísfisktogara fyrirtækisins hafa verið mjög góða og eins hafi sumarlokarnir annarra fyrirtækja gert það að verkum að meira hefur verið að gera hjá HB Granda. Þá komi skólafólkið til sögunnar, en á Skaganum starfa 23 krakkar í fiskiðjunni og gæti þurft að bæta fleirum við.

- kóp

8

Skiptastjóri segir of snemmt að segja til um hvort rifta beri færslu einbýlishúss í eignarhaldsfélag fyrir hrun: Fjármálastjóri 365 miðla úrskurðaður gjaldþrota

DÓMSMÁL Stefán H. Hilmarsson, fyrrverandi fjármálastjóri Baugs og núverandi fjármálastjóri 365 miðla, var úrskurðaður gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjavíkur 9. júlí síðastliðinn. Stefán hyggst kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

Stefán stendur í málaferlum við Arion banka vegna tugmilljóna skulda og fór bankinn fram á kyrrsetningu á eignum hans þar til niðurstaða fengist í málið. Kyrrsetningin var hins vegar lýst árangurslaus þar sem eignir Stefáns voru ekki nægar og þá gat bankinn farið fram á að bú hans

yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Á þá kröfu féllst Jón Finnbjörnsson héraðsdómari.

Skiptastjórinn Grímur Sigurðsson er byrjaður að kanna hvort eignir séu til í búinu. Þrjú hundruð fermetra hús Stefáns við Laufásveg var flutt á eignarhaldsfélagið Vegvísi um miðjan september 2008. Félagið er skráð á nafn konu í Garðabæ. Grímur segir of snemmt að segja til um hvort farið verði fram á að gjörningnum verði rift. „Það á eftir að fara fram rannsókn á því hvort og þá hvaða verðmæti komu inn í staðinn, hvernig þetta



ÁFRÝJAR Stefán ætlar ekki að una úrskurðinum, heldur kæra hann til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

var gert og af hverju,“ segir Grímur.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir óvíst hvort málið muni hafa áhrif á störf Stefáns fyrir fyrirtækið. „Ég veit af þessu og veit að hann á í miklum ágreiningi við bankann um kröfurnar sem þessir gerningar byggjast á þannig að ég vil sjá út yfir það hvernig þetta þróast og hef þess vegna ekkert ákveðið enn. En ef þetta verður niðurstaðan, sem ég vona að verði ekki, gæti það auðvitað leitt til einhverrar breytinga á afmörkun á störfum,“ segir Ari.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fimm bíla árekstur

Fimm bílar lentu í árekstri á Miklubraut, við akreina inn á Reykjanesbraut, um klukkan hálf þrjú í gær. Miklar tafir urðu á umferð en ekki var talið að alvarleg slys væru á fökki.

Tekinn á 140 km hraða

Ökumaður var handtekinn aðferanótt mánudags eftir að hafa verið stöðvaður á 140 kílómetra hraða á mótum Reykjanesbrautar og Sæbrautar. Maðurinn sýndi lögreglu mótþróa en var yfirbugaður. Hann var síðan vistaður í fangaklefa. Maðurinn er grunaður um að hafa verið undir áhrifum fikniefna.

DÓMSMÁL

Framseldur til Póllands

Hæstiréttur staðfesti í dag framsal á pólskum manni sem dvalið hefur hér á landi. Maðurinn hefur verið dæmdur fyrir ítrekuð brot í heimalandi sínu en hefur stundað launaða vinnu hér á landi.

Enginn hefur yfirsýn yfir öryggismál

Ómögulegt er að vita hvort vinna Bandaríkjamanna í öryggismálum og gegn hryðjuverkum skili árangri þar sem enginn hefur yfirsýn yfir þau. Stofnanir vinna sömu vinnuna og skýrslur eru svo margar að ekki næst að lesa þær allar.

BANDARÍKIN Umfang leyniþjónustu í Bandaríkjunum er orðið svo mikið og þunglamalegt að enginn veit hversu mikið hún kostar, hversu margir starfa í henni, hversu mörg verkefni eru í vinnslu innan hennar eða nákvæmlega hversu margar stofnanir gera það sama.

Þetta kemur fram í frétt blaðsins Washington Post, sem hefur rannsakað starfsemina í tvö ár. Ómögulegt er að segja til um það hversu áhrifaríkar aðgerðir Bandaríkjamanna í öryggismálum og baráttunni gegn hryðjuverkum hafa verið frá 11. september 2001 vegna þessa.

Blaðið lýsir því sem svo að í raun sé um að ræða leynilegan heim í Bandaríkjunum sem sé hulinn almenningi og enginn hafi í raun yfirsýn yfir. Mörg verkefni eru aðeins á vitorði helstu yfirmanna og finnast því hvergi í opinberum skráum. Tæplega þrettán hundruð opinberar stofnanir og hátt í tvö þúsund einkafyrirtæki starfa við þessi mál á tíu þúsund stöðum víðs vegar um landið. Að minnsta kosti fimmtingur þeirra varð til eftir hryðjuverkaárásirnar hinn 11. september 2001, eða 263 stofnanir. Margar stofnananna sem voru til fyrir hafa stækkað gífurlega mikið síðan árársirnar voru gerðar. Svo virðist sem fjölmargar stofnanir vinna sama verkið, til dæmis fylgdist 51 stofnun í fimmtán borgum landsins með peningaflæði til og frá hryðjuverkasamtökum.

Um 1,7 milljarðar tölvubræfa, símtala og annars konar samskipta er vistaður hjá öryggisstofnunum á hverjum degi, en engin þeirra kemst nálægt því að



HÖFUÐSTÖÐVAR CIA Stofnunum sem starfa í öryggismálum og gegn hryðjuverkum fjölgaði mikið undir stjórn George W. Bush og fengu margar þeirra hærrí upphæðir frá ríkinu en þær gátu eytt.

263 stofnanir hafa verið stofnaðar til að sinna öryggismálum og baráttunni gegn hryðjuverkum síðan 11. september 2001.

ná að fara í gegnum allt magnið. Þá eru svo margar skýrslur gefnar út af þessum stofnunum að þær gera lítið gagn. Margar

fara algjörlega fram hjá þeim sem eiga að lesa þær.

Varnarmálaráðherra Robert M. Gates sagði í viðtali við blaðið í síðustu viku að vegna vaxtar þessa geira sé erfitt að ná utan um alla starfsemina. Hann sagði þó ekki telja að kerfið sé orðið of stórt til að það sé hægt, en viðurkenndi að erfitt geti reynt að fá nákvæmar upplýsingar.

Washington Post ætlar að birta annan og þriðja hluta rannsóknar sinnar í dag og á morgun. thorunn@frettabladid.is

Lúkningargjöld lækki á tveimur og hálfu ári í fjórar krónur hjá öllum fyrirtækjum:

Fjarlægja forsendu verðmunar

FJARSKIPTI Fyrirtæki sem selja farsímaþjónustu þurfa að lækka svokölluð lúkningargjöld sem lögð eru á símtöl milli farsímakerfa um 50 til 67 prósent samkvæmt nýrri ákvörðun Póst- og fjarSKIPTASTOFNUNAR (PFS). Lúkningargjöldin lækka í skrefum fram að ársbyrjun 2013 niður í fjórar krónur og verða þá jafnhá hjá öllum farsímafyrirtækjunum. Þá eru upphafsgjöld afloatin.

Breytingin er sögð leiða til þess að ein meginforstandi fyrir mismunandi verði á farsímaþjónustu þegar hringt er í annað farsímafélag verði ekki lengur til staðar. Í greiningu PFS kom í ljós að samkeppnisvandamál á markaði farsímaþjónustu hafi fyrst og fremst mátt rekja til þess að

Lækkun lúkningarverðs farsímafyrirtækjanna

Fyrirtæki	Verð nú	01.09.2010	01.01.2011	01.01.2010	01.01.2013
Síminn	7,49 kr./mín	6,50 kr./mín	5,50 kr./mín	4,50 kr./mín	4,00 kr./mín
Vodafone	7,49 kr./mín	6,50 kr./mín	5,50 kr./mín	4,50 kr./mín	4,00 kr./mín
Nova	12,00 kr./mín	10,30 kr./mín	8,30 kr./mín	6,30 kr./mín	4,00 kr./mín
IMC/Altern	12,00 kr./mín	10,30 kr./mín	8,30 kr./mín	6,30 kr./mín	4,00 kr./mín

Heimild: PFS

farsímafyrirtækið sem ræði yfir netinu sem símtalinu var lokið í hafi verið með einokunarstöðu á viðkomandi markaði. „Að mati PFS á sér stað yfirverðlagning á símtölum milli kerfa. Kostnaðinum er þannig velt yfir á þá notendur sem eru tengdir öðrum farsíma- eða fastlínunetum,“ segir í umfjöllun stofnunarinnar.

Hæsta lúkningarverðið er nú hjá Nova og IMC/Altern, eða

12 krónur mínútan. Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir verði í takt við þann ramma sem PFS hafi heimilað, en það hafi verið hærra hjá nýjum félögum sem byggja hafi þurft upp ný fjarSKIPTANET og svo smálækkað. Hún fagnar ákvörðun PFS og segir breytinguna í takt við þróun sem eigi sér stað meðal fjarSKIPTAFYRIRTÆKJA um heim allan.

- óká

WHEELER®

WORLDWIDE

HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

20-30% afsláttur af hjólum



Wheeler PL 500 26" Straika og stelpustell 21 GIRA, framdempari

58.995

-20%

Wheeler PL 800L 26" GÖTUHJÓL Comfort dómu og herrastell 21 GIRA (brettasett fylgir)

69.995

-20%



FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÓF

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

Frábært verð

á pallaefni og viðarvörn



25%
afsláttur
af allri viðarvörn!

4 l
Vnr. 86332040-9040
Viðarvörn
KJÖRVARI viðarvörn,
margir litir, 4 l.

3.740
Fullt verð: 4.990

Lægra verð á pallaefni!

ÓDÝRT

Gerðu verðsamanburð!

179 kr./lm.

0058324	Fura, alhefluð 27x95 mm A-gagnvarið	224 kr./lm.
0058504	Fura, alhefluð 45x95 mm A-gagnvarið	313 kr./lm.
0058506	Fura, alhefluð 45x145 mm A-gagnvarið	455 kr./lm.
0059954	Fura, alhefluð 95x95 mm A-gagnvarið	647 kr./lm.

Vnr. 0058254
Girðingarefni
Fura, alhefluð,
22x95 mm,
A-gagnvarið.



100% endurgreiðsla
á virðisaukaskatti af keyptri vinnu
á byggingastað og allt að 300.000 kr.
frádráttur frá skattstofni.
Sjá nánar á www.allirvinna.is





HITAMET SETT Hitabylgja gengur nú yfir miðhluta Rússlands og hitamet voru slegin þar um helgina. Í Moskvu brá fólk á það ráð að kæla sig í nærliggjandi ám og tjörnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eiturlyfjabarón handtekinn: Hafði verið á flóttu í áratug

PÚERTÓ RÍKÓ Eiturlyfjabaróninn Jose Figueroa Agosto var handtekinn í San Juan síðastliðna helgi af FBI, bandarísku alríkislögreglunni, eftir að hafa verið á flóttu í nærri áratug.

Jose er sakaður um að hafa stjórnað hring eiturlyfjasmygls sem flutti kokaín frá Bandaríkjunum til Dóminíska lýðveldisins í gegnum Púertó Ríkó.

Árið 1999 flúði Jose, sem er 45 ára, úr fangelsi í Púertó Ríkó þar sem hann hafði verið dæmdur í 209 ára fangelsi fyrir morð. - ls



ÖL Margir kaupa ekki áfengisgundir sem eru auglýstar, segir formaður foreldrasamtaka gegn áfengisauklýsingum.

Bann við auglýsingum brotið: Lögbrjótur verði sniðgengnir

FORVARNIR Foreldrasamtök gegn áfengisauklýsingum hvetja fólk til að sniðganga allar vörur frá fyrirtækjum sem auglýsa áfengi í íslenskum fjölmiðlum.

Árni Guðmundsson, formaður samtakanna, segir ótrúlega mikið um að fyrirtæki brjóti lög sem banna áfengisauklýsingar, og brjóti þar með á lögvörðum réttindum barna og ungmenna.

„Þeir sniðganga löggjöfina, og okkur þykir sjálfsagt að sniðganga þeirra vörur á móti,“ segir Árni. Hann segir almenning fullfærán um að átta sig á hvenær sé verið að auglýsa áfengi þrátt fyrir að orðinu „léttöl“ sé skotið inn í auglýsingarnar. - bj

Sjö af tíu telja mótmæli undanfarið endurspegla viðhorf meirihluta þjóðarinnar:

Mikill munur eftir flokkum

KÖNNUN Fimm sinnum hærra hlutfall stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins telur að boðskapur mótmæla undanfarinna vikna endurspeglir fremur viðhorf meirihluta þjóðarinnar en í búshaldabyltingunni í desember 2008. Þetta kemur fram í skoðanakönnun MMR.

Mikill meirihluti þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni, 70,3 prósent, telur boðskapur mótmæla og borgarafunda undanfarinna daga endurspeglar viðhorf meirihluta þjóðarinnar. Í desember 2008 voru 66,2 prósent á sömu skoðun.

Í könnun sem MMR gerði í



MÓTMÆLT MMR kannaði afstöðu fólks til mótmæla.

desember 2008 töldu aðeins um 11,4 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins að mótmælin endurspegluðu viðhorf þjóðarinnar. Hlutfallið mældist 65,4 prósent í

könnuninni sem gerð var 7. til 12. júlí síðastliðinn.

Alls sögðust 36,8 prósent stuðningsmanna Samfylkingar telja mótmælin nú endurspeglar vilja meirihluta þjóðarinnar, samanborið við 65,5 prósent í desember 2008. Þá töldu 58,4 prósent stuðningsmanna VG mótmælin endurspeglar vilja þjóðarinnar, en 90,9 prósent voru þeirrar skoðunar í fyrri könnuninni.

Alls tóku 859 manns á aldrinum 18 til 67 ára þátt í könnuninni, og voru þeir valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. - bj

Viðskipti upp á 146 milljarða:

Kaupa búnað frá Motorola

TÆKNI Nokia Siemens Networks hefur samið um kaup á bróðurparti innviðatækni þráðlausra fjarskiptaneta frá Motorola fyrir 1,2 milljarða dala. Upphæðin nemur 146 milljörðum króna.

Í fréttatilkynningu kemur fram að með kaupunum styrki Nokia Siemens Networks markaðsstöðu sína, sér í lagi í Bandaríkjunum og Japan. Motorola heldur eftir iDEN-þjónustu og einkaleyfum.

Um það bil 7.500 starfsmenn flytjast frá Motorola til Nokia Siemens Networks. - óká

Greiðslustaða ríkissjóðs batnaði um 42 milljarða árið 2009

Tekjur ríkissjóðs árið 2009 voru 22 milljörðum hærra en gert var ráð fyrir. Gjöldin drógust saman um 110 milljarða frá 2008. Greiðslustaðan batnaði um 42 milljarða og nam handbært fé 227 milljörðum.

EFNAHAGSMÁL Tekjur ríkisins árið 2009 voru mun hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Alls aflaði ríkissjóður 22 milljörðum króna meira í tekjur það ár; 439 milljörðum í stað þeirra 417 sem gert hafði verið ráð fyrir. Þetta kemur fram í ríkisreikningi fyrir árið 2009 sem lagður var fram í gær.

Gjöld ríkisins drógust verulega saman frá árinu 2008, eða um 16 prósent. Þau námu 579 milljörðum árið 2009, en árið 2008 námu þau 688 milljörðum króna. Heildarútgjaldaheimildir ársins námu 590 milljörðum króna og því voru raunútgjöld tæpum 12 milljörðum króna lægri en gert hafði verið ráð fyrir.

Nánast allir tekjubættir voru hærra en búist hafði verið við og gerðu áætlanir ráð fyrir 173 milljarða neikvæðum tekjujöfnuði. Raunútkoman varð 34 milljörðum króna betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Stærstu útgjaldaliðir ríkissjóðs eru sem fyrr til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála og almannatrygginga, en þeir vega rúmlega 51 prósent á árinu 2009. Útgjöld til efnahags- og atvinnu- mála námu 12 prósentum af heildargjöldum ríkissjóðs, en til annarra mála- flokka samtals 16 prósentum. Þar eru framlög til menningar-, íþróttar- og trú- mála, auk löggæslu- og öryggismála, veigamikil útgjöld.

Lánsfjárbörf ríkisins reyndist mun minni en gert hafði verið ráð fyrir. Áætlanir gengu út frá að hún næmi 25 prósentum af landsframleiðslu, en raunin varð sú að hún nam aðeins 11 prósentum. Það skýrist að stærstum hluta af samkomulagi við Seðlabanka Íslands um kaup bankans á veðlána- og verðbréfa- kröfum fyrir 134 milljarða króna.

Greiðslustaða ríkissjóðs er sterk og batnaði um 42 milljarða á árinu 2009 og var handbært fé í lok ársins 227 milljarðar króna.

kolbeinn@frettabladid.is



MANNLÍF Í REYKJAVÍK Ríkisreikningur sýnir að tekjur ríkisins árið 2009 voru hærra en gert hafði verið ráð fyrir og gjöldin lægri. Handbært fé ríkissjóðs í árslok nam 227 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ ARNÞÓR

Helstu niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 2009

í milljónum króna	Reikningur 2009	Reikningur 2008	Breyting, fjárhæð	Breyting, %	Fjárlög/Fjáraukalög
2009					
Tekjur samtals	439.516	471.883	-32.368	-6,9	417.286
Gjöld samtals	578.780	687.862	-109.082	-15,9	568.620
Tekjur umfram gjöld	-139.264	-215.979	76.714	-	-151.334
Handbært fé frá rekstri	-141.796	15.745	-157.541	-	-143.422
Lánsfjárfjöfnuður	-157.384	-397.999	240.615	-	-367.732

Heitasta golfmót ársins

Bylgjan Open fer fram hjá GK&G helgina 24. og 25. júlí

Tveggja daga punktkeppni með niðurskurði - 70 bestu komast áfram og leika til úrslita á sunnudeginum.

Flott teiggjöf, nándarverðlaun á öllum Par 3 holum og sleggja dagsins fær verðlaun fyrir lengsta teighöggið.

Veglegir vinningar!



Allir fá drykki frá Coke og Powerade og Prince Polo í pokann!



BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AD HUSTAI!

SUMAR ÚTSALA

6 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Gerð gæða- og verðsamanburð

20-50% AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.



SVEFNSÓFAR

Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

BOAS

Leður hægindastóll **79.900**
Nokkrir litir

Lyftu hægindastóll **129.900**

Ný sending

SAGA OG PÓR


Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
PÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL/FREYJA

Ný sending

Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**

NÝTT



BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta
verð frá **149.900**
Svefnsófi verð frá **149.900**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.



Gerð gæða- og verðsamanburð



Baldursnesi 6

AKUREYRI

Svefn & heilsa



www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opð virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00

Borgin hikar í samgöngumiðstöðvarmálinu.

Vandræðabarnið í Vatnsmýrinni

Það er ekki oft sem ástæða er til að fagna seinagangi og ráðaleysi yfirvalda. Svo er þó þegar kemur að blessaðri samgöngumiðstöðinni sem lengi hefur staðið til að rísi í Vatnsmýrinni þrátt fyrir að í nánustu framtíð sé fyrirsjáanleg kúvending á hlutverki Vatnsmýrarsvæðisins í samgöngumálum. Hik borgarinnar nú stafar enda vonandi af því að taka á málið úr ráðaleysisfarvegi og setja í rökréttan farveg.

Í vetur var því lýst yfir að framkvæmdir ættu að hefjast við byggingu samgöngumiðstöðvarinnar í sumar en fyrir lá vilyrði lífeyrissjóða um fjármögnun verkefnisins með lánum. Samgöngumiðstöðinni er ætlað að vera miðstöð innanlandsflugs og hópferðabíla.

SKOÐUN

Steinnun Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Sá hængur er hins vegar á að samkvæmt aðalskipulagi á flugvöllurinn að hverfa úr Vatnsmýri á árunum 2016 til 2024. Ef fylgja

á því skipulagi er hreinasta fásinna að byggja sérstaklega yfir starfsemi tengda innanlandsflugi í Vatnsmýrinni nú þegar aðeins fjórtán ár eru þangað til flugvöllurinn á að vera horfinn úr Mýrinni.

Deilan um flugvöllinn í Vatnsmýri hefur staðið lengi. Í kjölfar atkvæðagreiðslu meðal borgarbúa var ákveðið að önnur brautin hyrfi af skipulagi 2016 og hin 2024. Eftir þann tíma er ekki gert ráð fyrir flugvelli í Vatnsmýri. Efnt var til metnaðarfullrar og kostnaðarsamrar samkeppni um það hvernig nýta mætti þetta dýrmæta svæði í hjarta borgarinnar. Út úr henni komu margar áhugaverðar hugmyndir að nýtingarmöguleikum þessa mikla landrýmis í næsta nágrenni miðborgar Reykjavíkur.

Svo virðist þó sem þau öfl sem fylgjandi eru áframhaldandi rekstri flugvallar í Vatnsmýri séu svo sterk að þau ætli sér einfaldlega að virða að vettugi gildandi aðalskipulag, láta hreinlega eins og það sé ekki til. Áformin um að halda til streitu byggingu samgöngumiðstöðvar sem að hluta er ætlað að hýsa flugvallarstarfsemi er til vitnis um það.

Vera kann að það verði niðurstaðan að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri einhverja áratugi í viðbót. Til þess að svo megi verða þarf að gera breytingu á gildandi skipulagi. Ákvarðanirnar verður að taka í rökrétri röð.

Að byggja samgöngumiðstöð utan um flugvallarstarfsemi á stað þar sem ekki er gert ráð fyrir flugvelli á skipulagi nema fáein ár í viðbót er ábyrgðarlaus meðferð á fjármunum.

Næg eru verkefni ef vilji er til að verja fé til að byggja upp samgöngumannvirki í landinu og skapa með því störf, en gert hefur verið ráð fyrir að með byggingu samgöngumiðstöðvarinnar gætu orðið til milli 80 og 90 störf í eitt ár. Á áætlun eru fjölmörg verkefni sem ekki fara í bága við skipulag komandi ára, til dæmis brýnar samgöngubætur sem lúta að öryggi vegfarenda á fjölförnum leiðum hringinn í kringum landið.

Vonandi stafar hik Reykjavíkurborgar í samgöngumiðstöðvarmálinu af því að ný borgaryfirvöld ætla sér að sporna við því að byggð verði samgöngumiðstöð á skjön við gildandi skipulag borgarinnar. Hlutina verður að taka í réttari röð; skipuleggja fyrst og framkvæma svo.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinnun Stefánsdóttir steinnun@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINI

RISA

MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINI

DVD MYNDIR - DVD TÓNLIST
TÓNLIST - BÆKUR

Nýjar vörur daglega

Þú sundir titla í boði á ótrúlegum verðum

OPID 11-19
ALLA DAGAVIKUNNAR

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bjuggust þeir við öðru?

Útvegsmenn voru ósáttir þegar þeir gengu af fundi sjávarútvegsráðherra í gær. Þeir höfðu mætt til að fara með honum yfir kvótamál og þau mistök, að þeirra mati, sem Jón Bjarnason hefði gert með því að gefa veiðar á úthafsækju frjálsar. Forsvarsmenn þeirra sögðu fyrir helgi að um mis-skilning hjá ráðherra væri að ræða og væntu þeir þess að kvóti yrði gefinn út strax í gær. Það virðist því hafa komið þeim á óvart að ráðherra hafi byggt ákvörðun sína á gögnum; hann hafi einfaldlega komist að annarri niðurstöðu en LÍÚ.




Átta sinnum fleiri

Enn eru 120 manns óvinnufærir eftir slysi við Kárahnjúkavirkjun, að því er fréttastofa RÚV segir. Alls voru rúmlega 1.700 vinnuslys tilkynnt á svæðinu frá því framkvæmdir hófust, 2002, til ársins 2009. Þeir sem fullyrtu að eðlilega hefði verið staðið að öllum verkum eystra þurfa að svara því til hvers vegna þar urðu átta sinnum fleiri vinnuslys en yfir landið allt á sama tíma.

Kannski að byrja fyrr


Undirskriftasöfnun er nú hafin á netinu til að mótmæla kaupum Magma Energy á hlut Geysis Green Energy í HS orku. Með í kaupunum fylgir nýtingarréttur að orkuauðlindum til 65 ára. Það er hið besta mál að fólk berjist fyrir sannfæringu sinni, en kannski hefði betri árangur náðst ef menn hefðu hafist handa fyrr? Fyrirtækið keypti fyrsta hlutinn í HS orku í fyrra og fór ekki í grafgötur með löngun sína í stærri hlut.



HS ORKA HF

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Nýir möguleikar með Landeyjahöfn

Samgöngur



Kristján L. Möller
samgöngu-
ráðherra

Hafnarmannvirkið nýja í Landeyjum er með stærstu samgönguframkvæmdum síðustu árin. Landeyjahöfn mun líka hafa viðtækari áhrif en við gerum okkur grein fyrir. Fyrir utan að stórbæta daglegar samgöngur milli lands og Eyja opnar hún nýja möguleika í atvinnu- og félagslífi.

Hugmyndin um hafnargerð við suðurströnd landsins var við fyrstu sýn næsta óráðleg. Sjólag, sandrif, sandburður um fjöruna og sibreytilegt Markarfljótið virtust ófyrstíganlegar hindranir. En vísindamenn Siglingastofnunar, sem höfðu forgöngu um rannsóknir, sýndu fram á að þetta var gerlegt og þeir nutu einnig reynslu sjómanna.

Hugvit og verkþekking

Ég vil draga sérstaklega fram þátt verktakanna. Aðalverktakinn var Suðurverk sem sá um grjótnám, gerð brimvarnargarða, hafnargerðina sjálfa og vegagerð. Aðrir verktakar, SÁ verklausnir, Stál og suða og Björgun, unnu snaggarlega að öðrum þáttum svo sem byggingu þjónustuhúss, landgangs, dýpkun og lóðarfrágangi. Starfsmenn verktakanna hafa skilað góðu verki og geta verið stoltir.

Landeyjahöfn er sannkallað mannvirki. Þar má í hnotskurn sjá hvernig hugvit, verkþekking og útsjónarsemi mannsins tvinnast

saman í því virki sem grjótið úr Seljalandsheiði er orðið að.

Landeyjahöfn er líka þrekvirki. Óblítt veðurfar á köflum, krefjandi aðstæður í fjörunni og nú síðast eldgos í Eyjafjallajökli hafa ekki auðveldað verkið. Samt sem áður hefur verkáætlun staðist og það sem meira er, kostnaðaráætlun hefur einnig staðist.

Vestmannaeyjafjaran Herjólfur hefur nú reglulegar siglingar á nýrri leið, þjóðveginum milli lands og Eyja. Fjölgun ferða Herjólfis gjörbreytir ferðamynstri og flutningamöguleikum. Einnig opnast nýir samskipta- og samstarfsmöguleikar milli íbúa á Suðurlandi og Vestmannaeyinga sem ég er sannfærður um að munu nýtast. Þar ræður hugmyndauðgin mestu.

Nýtum möguleikann

Ég vil að lokum hvetja landsmenn til að gera sér ferð að Landeyjahöfn og til Eyja og njóta fjölbreyttrar náttúru og skemmtilegs mannlífs. Ég vil á sama hátt hvetja Vestmannaeyinga til að gera sér ótt og títt ferð upp á land. Um leið getum við dáðst að því hugviti og verkþekkingu sem höfnin er skýrt vitni um.

Ég vil að lokum óska Íslendingum öllum til hamingju með þetta mikla mannvirki sem tekið verður í notkun í dag klukkan 16.30.



GÓÐUR GÖNGUTÚR á kvöldin getur hjálpað þeim sem eiga erfitt með að sofna að svífa inn í draumalandið. Öll hreyfing bætir svefninn og mikilvægt að hreyfa sig eitthvað á hverjum degi.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Eirberg

Rafskutlur

-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



Ný kynslóð

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is



Ingibjörg Gréta hefur stundað gló motion-æfingar undanfarin ár og breytt mataræði sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Útipottar – 30%
Útisófar – 30%

fyrir bústaðinn og heimilið

Nóra

Opið: má-fö. 12:30-18:00, Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum, Kóp. 201,
S: 517 7727-www.nora.is – Nóra á facebook

Sigurvegari alveg sama hvað skeiðklukkan segir

Ingibjörg Gréta Gísladóttir framkvæmdastjóri hefur undanfarna mánuði æft fyrir þátttöku í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka sem fer fram í ágúst og lætur sig ekki muna um að hlaupa 21 kílómetra.

Markmið mitt með þátttöku er fyrst og fremst að styðja við góðan málstað þótt ég fari líka ánægjunnar vegna,“ segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Hugmyndahúss háskólanna, sem ætlar að hlaupa hálf tónn í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka 21. ágúst, til styrktar Einstökum börnum, stuðningsfélagi barna og ungmenna með sjaldgæfa, jafnvel ógreinda sjúkdóma eða skerðingar.

Þetta er í þriðja sinn sem Ingibjörg tekur þátt í Reykjavíkurmaraþoninu. Hún hefur tvisvar sinnum hlaupið tíu kílómetra en ákvað að taka þetta lengra í ár. „Ég er alla daga umkringd frumkvöðlum í Hugmyndahúsi háskólanna sem stöðugt fara út fyrir þægindarammann og sjá hlutina

í nýju ljósi þannig að ég ákvað að taka þeirri áskorun að bæta mig og hlaupa 21 kílómetra.“

Að sögn Ingibjargar liggur töluverður undirbúningur að baki þátttöku í Reykjavíkurmaraþoninu og hefur hún verið að þjálfa síðan í apríl. „Við hjónin ætlum bæði að taka þátt og höfum farið eftir æfingaáætlun Hals Higdon á Netinu. Kerfið byggir á miserfiðum æfingum og má segja að róðurinn hafi þyngst stig af stigi en mest þó síðasta hálf mánuðinn. Síðan höfum við tekið þátt í öllum hlaupum sem hafa verið í boði til að þjálfa okkur fyrir maraþonið, svo sem Ármannshlaupinu og Ícelandair-hlaupinu og kynnst fjöldanum öllum af góðu fólki.“

Ekki kveðst Ingibjörg þó vera haldin hlaupabakteríu heldur séu hlaupin hluti af breyttum lífsstíl.

„Ég hef sem dæmi stundað gló motion í Rope Yogasetrinu síðustu ár þar sem öndunar-, flæðis- og stöðuæfingar koma meðal annars við sögu. Þá hefur viðhorf okkar hjónanna til mataræðis breyst mikið og við leggjum meiri áherslu á hollan mat á heimilinu, sem vekur reyndar ekki alltaf lukku hjá krökkunum. Öllu er þó stillt í hof í samband við þeirra uppáhald svo þau þola þetta alveg og njóta góðs af.“

Hvað Reykjavíkurmaraþoninu viðvíkur, segist Ingibjörg hlakka til að láta gott af sér leiða með því að hlaupa til styrktar góðu málefni. „Það væri alveg frábært að toppa sumarið með góðum styrk handa félaginu, þannig verð ég líka sigurvegari alveg sama hvað skeiðklukkan segir.“

roald@frettabladid.is

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum



Mikið úrval áklæða

Lyon B sett 3+1+1
299.900 kr
Aðeins þessa viku



Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opið: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18

Tilboð gildir til 23. júlí

512

Auglýsingasími

5401



Allt sem þú þarft...

TRÖNBERJASAFI er gott meðal við blöðrubólgu. Ástæðan er sú að í safanum eru efni sem heita proanthocyaníð og koma í veg fyrir að bakteríur geti fest sig við blöðruvegginn. Bakteríurnar skolest því hreinlega út með safanum.



Súper sumar smellur!
 Handsnyrting með lökkun
 Fótsnyrting með lökkun
 Litun og plokkun,
 Allt þetta á aðeins 10.900 kr

Gildir alla virka daga í júní og júlí 2010

DONG FANG SALON
 HAFNARBORG
 HOTTU LÖFLAMM
 ÖRNARSTRAKA
 DONG FANG SALON
 HOTTU LÖFLAMM
 ÖRNARSTRAKA

OPNUNARTÍÐI
 MIÐVIFURD 9:00-18:00
 MIÐVIFURD 9:00-21:00
 LAUGARD: 10:00-18:00

Sími: 884-4281 / 882-0481
 www.dongfang.is

FLOTT Í SUMAR...
 Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar

Nýtt og enn öflugra
 System +
 fyrir dömu og herra
 kr. 34.995,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
 Skrifnum 19 • S. 568 1717
 www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



Sigmundur segir að hafnar séu rannsóknir á áhrifum efna úr illgresinu skógarkerfli til að stöðva myndun krabbameins.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Illgresi við krabbameini

Litið er á skógarkerfil sem illgresi á Íslandi í dag. Fyrirtækið SagaMedica ætlar þó að hagnýta illgresið og hefur með haustinu rannsóknir á efnum úr skógarkerfli sem eiga að stöðva myndun krabbameins.

„Við erum að fara af stað í þessar rannsóknir með haustinu,“ segir Sigmundur Guðbjarnason, yfirmaður rannsókna og þróunar hjá SagaMedica. Fyrirtækið er að fara af stað með rannsóknir á efnum úr skógarkerfli sem hægt væri að nota til að stöðva myndun krabbameins.

Sigmundur segir auðveldara að hindra krabbameinsmyndun þegar afbrigðilegu frumurnar eru fáar. „Það er auðveldara heldur en að lækna krabbameinið þegar það er orðið stórt æxli og jafnvel farið að dreifa sér,“ segir Sigmundur og heldur áfram: „Við höfum í rannsóknum okkar séð hvernig efni í ætíhvönninni geta hindrað að krabbameinsfrumur sem við sprautum í tilraunadýr geti myndað æxli,“ segir Sigmundur.

„Lyfjáiðnaðurinn leggur til ýmis lyf sem styrkja forvarnir gegn kransæðasjúkdómum en hefur fá efni til að verjast myndun krabbameina,“ segir Sigmundur og bætir við að til þessa hafi menn kannað áhrif einstakra efna til að verjast krabbameini. „En þær tilraunir skiluðu ekki tilætluðum árangri.



Sigmundur segir skógarkerfil geta komið að góðu gagni í þróunarstarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Vænlegra verður að nota blöndur virkra efna vegna samvirkni þeirra. Krabbameinin eru margskonar og því líklegri til árangurs að nota mörg mismunandi lífvirk náttúru efni í baráttunni við að hindra æxlisvöxt. Skógarkerfill

gæti komið að góðu gagni í slíku þróunarstarfi.“

Að sögn Sigmundar er í ýmsum löndum verið að rannsaka virkni efna í skógarkerfli gegn krabbameini, þar á meðal Kóreu, Japan, Bretlandi og Hollandi. „Við höfum áhuga á að þróa úr kerflinum, ásamt hvönn og fleiri jurtum, vöru sem gæti styrkt forvarnir gegn krabbameinum.“

Rannsóknir eru lengra á veg komnar á áhrifum þangs gegn offitu. „Það er verkefni sem er mjög forvitnilegt. Við teljum að í þangi og þara séu mörg áhuga-verð efni og reyndar er það vitað að hafið býður upp á slíkt.“

Sigmundur segir að búið sé að einangra það efni í þangi sem hefur áhrif gegn offitu. „Steinþór Sigurðsson, sem hefur verið að greina þessi efni hjá okkur, hefur sýnt fram á að það er jafnvel meira af þessu efni í íslensku þangi en japönsku sem hefur verið skoðað til samanburðar,“ útskýrir Sigmundur. „Við sjáum að þetta er hægt en við vitum ekki enn þá hvort það er raunhæft og hagkvæmt.“

martaf@frettabladid.is

Júlítilboð
 Bjóddu ❤️ út að borða

2 fyrir 1
 af rétti dagsins
 eftir kl. 16 virka daga



Opið virka daga kl. 10–20
 Laugardaga kl. 10–17
 www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
 105 Reykjavík
 sími 58 58 700

Hæðasmára 6
 201 Kópavogi
 sími 58 58 710

Hafnarborg
 220 Hafnarfjörður
 sími 58 58 700

Vaxandi íþróttaviðburður

Reykjavíkurborg og Próttur ætla að undirrita samning sem festir ReyCup í sessi sem einn helsta íþróttaviðburð ungmenna á aldrinum 13 til 17 ára.

ReyCup – Alþjóðlega knattspyrnuhátiðin í Reykjavík verður sett við gervigrasvöllinn í Laugardal á miðvikudag. Þetta er í nunda sinn sem leikarnir fara fram en Reykjavíkurborg og Próttur munu undirrita samning vegna ReyCup sem hefur víðtækar breytingar í för með sér að sögn Guðmundar Vignis Óskarssonar, mótstjóra og formanns stjórnar ReyCup.

„Samningurinn birtir sameiginlega sýn borgarinnar og íþróttafélaga á hvernig viðburðurinn eigi að vaxa í framtíðinni. Hann gerir meðal annars ráð fyrir að fleiri aðilar en Próttur komi að leikunum svo þeir geti farið fram víðar en í Laugardalnum sem er sprunginn með núverandi þátttöku. Þá stendur til að efla þátttöku erlendra félagsliða



ReyCup-leikarnir hefjast á miðvikudag. Alls kyns skemmtilegir viðburðir fara fram í tengslum við þá, svo sem lokaball á Broadway sem er mjög vinsælt. MYND/ÚR EINKASAFNI

í leikunum meðal annars frá Bandaríkjunum, Þýskalandi og Norðurlöndunum og laða fleiri ferðamenn til landsins, þátttakendur og aðstandendur þeirra.“

Metþátttaka var í fyrra en þá tóku á bilinu 15-1600 ungmenni þátt. Fjögur hundruð fleiri en árið áður.

Guðmundur segir þátttökuna nú mun betri en var spáð. „Hundrað líð spilðu í fyrra en nú eru þau 93 sem er gott þar sem reiknað var með allt að 20 prósentu fækkun vegna eldgossins og aðstæðna í þjóðfélaginu.“ Sjá www.reycup.is.

- rve

Hringdu í síma
512 50 60
 ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

Sólskálar



-Stofnað 1984-
www.solskalar.is

Sími: 554 4300
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ

Svalalokanir



Svalaskjól



Reyrhúsgögn



Gluggar



Hurðir



Rennihurðir





Graslaukur er ein algengasta kryddjurtin í görðum. Hann hentar með flestum mat og því er upplagt að klippa niður visk af honum fyrir hverja máltíð og hafa í skál á borðinu.

Krydd í tilverunni

Þeir sem voru svo fyrirhyggjusamir að sá til kryddjurta í vor eiga nú væntanlega vöxtulega brúska af þeim í görðum, á svölum eða í gluggakistum og þurfa að vera duglegir að nota þær. Þá er það bara spurningin með hverju þær passa.



Dill gefur einkar góðan keim í húsið þegar það er soðið með nýju kartöflunum. Það bragðast líka vel með bleikju og lambakjöti.



Rósmarinn þrífst ágætlega úti við á þurrum stað. Það er gott í kartöflugratin og með öllu kjöti.



Piparmynta er kröftug jurt og tekur sitt pláss. Hún passar vel í kryddsmjör og kjötbollur úr lambahakki.

Góður ferðafélagi

Íslenska plöntuhandbókin hefur verið gefin út í þriðja sinn og nú í nýjum búningi, rífkulega aukin og endurbætt. Þar er fjallað um 465 tegundir plantna, þar af eru margar sem hafa bæst við íslenska flóru á undanförunum árum. Höfundur hennar er Hörður Kristinsson, doktór í grasafræði.

Hverri plöntu er lýst í gagnorðum texta í handbókinni, auk þess sem litmynd er af hverri og einni, skýringarteikningar og útbreiðslukort.

Bókin ætti því að nýtast almenningi vel til að þekkja sundur plönturnar og fræðast um hina fjölbreyttu flóru landsins. Mál og menning gefur bókina út.



Íslenska plöntuhandbókin í nýjum búningi.



Jóhanna Lovísa tekur að sér umhirdu garða fyrir fólk í fríi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

Blómáfóstra í garðinum

Blómáfóstran er nýtt verkefni sem Jóhanna Lovísa Stefánsdóttir er að hrinda í framkvæmd.

„Það er ekki til svona fyrirtæki á Íslandi í dag og ég er enn með það á þróunarstigi,“ segir Jóhanna Lovísa Stefánsdóttir, garðyrkjufræðingur og blómáfóstra. Hún fór nýverið í gegnum námskeiðið Finndu eldmóðinn í þér og fékk þá hugmynd að blómáfóstrunni.

„Hugmyndin er sú að ég komi á staðinn ef fólk þarf að bregða sér af bæ, til útlanda eða í sumar-

frí út á land og þá komi það ekki að brunarústum í garðinum sínum eða gróðurhúsinu þegar það kemur heim. Þá er það blómáfóstran sem sér um hlutina fyrir viðkomandi,“ útskýrir Jóhanna Lovísa.

Jóhanna Lovísa segist aðallega vera að vökva garða, blóm og plöntur. „Ég er nýbúin að afhenda garð og gróðurhús með tómtum sem ég var að hugsa um í fimm vikur. Þá vökva ég, gef áburð, kannski klippi og passa að illgresið fari ekki á flug þannig að það sé notalegt fyrir fólk að koma heim til sín.“

Í upphafi ætlaði Jóhanna Lovísa

ekki að sjá um garða fólks heldur annaðhvort veita ráðgjöf á staðnum eða í gegnum síma. „Maður freistast alltaf til að fara út í eitthvað meira þegar það er svona mikið í boði.“

Jóhanna Lovísa stefnir á að verða blómáfóstra allt árið um kring. „Það er náttúrulega mest að gera á sumrin, haustin og vorin. Svo koma jólin. Fólk fer til útlanda um jólin og það vill fá að vita ýmislegt áður um garðinn eða biðja mig um að vökva í gróðurhúsinu fyrir sig því það er með gúrkuplöntur sem eru að fara af stað.“

-mmf

Aldingarður í miðri borginni

Fyrstu eplatrén sem gróðursett eru í almenningsgarði í Reykjavík verða sett niður á Klambatrúni á föstudaginn kemur, 23. júlí, klukkan tíu fyrir hádegi. Það annast þau Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og David Avocado Wolfe, einn af stofnendum The Fruit Tree Planting Foundation.

Eplatré þurfa yfirleitt að hafa félagi af ólíkri tegund til að fjóvgun verði góð og að þessu sinni verða sett niður tré af yrkjunum Mantet og Carol sem eru frá Kanada og hafa reynst vel á norðlægum slóðum.

Á-Vöxtur er félag áhugafólks um ræktun ávaxta og annarra óhefðbundinna tegunda á Íslandi. Þar eru yfir fimmtíu félagsmenn, meðal annars frumkvöðlarnir í ávaxtarækt á Íslandi, þeir Jón Guðmundsson, garðyrkjufræðingur á Akranesi, og Sæmundur Guðmundsson á Hellu.



Það er tilhlökkunarefni að tína ávexti af trjánum á Klambatrúni.

-gun

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR


Viðgerðir

Skemmuvegur 34
Brún gata

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661



Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt
annað sem skreytir umhverfið

Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir.
Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að
breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!



Pantaðu ókeypis
landslagsráðgjöf
í síma 412 5050
Nánari upplýsingar
á bmvalla.is



Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is



BM-VALLA

Samkeppnishömlum í rækjuútgerð aflétt

Sjávarútvegsmál

Finnbogi Vikar

fulltrúi Borgarahreyfingarinnar/Hreyfingarinnar í starfshópi um endurskoðun á fiskveiðistjórnun



Ákvörðun Jóns Bjarnasonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að heimila frjálsar veiðar á úthafs-rækju er góð ákvörðun sem ætti að koma þjóðarbúinu vel og skapa fjölda starfa með litlum tilkostnaði fyrir íslenska ríkið, ólíkt mörgum öðrum verkefnum sem eru í farvatninu. Gjaldeyriskjör

þjóðarbúsins ættu samkvæmt öllu eðlilegu að aukast við þessa ákvörðun þar sem núna koma inn tekjur af áður vanýtttri auðlind ef útgerðir sjá sér fært um að nýta sér tækifærið sem felst í frjálsri rækjuveiði, sem verður væntanlega stýrt með sóknarstýringu að einhverju marki.

Stjórnvöld eru með þessari ákvörðun að lýsa því yfir að ekki verði liðið að kvóti sem útgefin er í einstökum tegundum sé nánast eingöngu fénýttur til að auka fram-salsheimildir í öðrum tegundum í hagnaðarskyni fyrir kvótahafann en þjóðarbúið verður á sama tíma af gjaldeyriskjörum. En slík ráðstöfun hefur viðgengist með úthafs-

rækjukvótann svo árum skiptir. Þegar úthafs-rækjukvótinn er ekki lengur til staðar minnka möguleikar útgerðar að leigja frá sér kvóta í öðrum tegundum og þar með að fénýta heildarkvótann með öðrum hætti en að veiða kvótann.

Leiguliðar með kvótalausar og kvótatalitar útgerðir munu hagnast aðallega á þessari ákvörðun vegna þess að núna er einokun rækjuvinnsla innan ræða LIÚ sem ráða yfir úthafs-rækjukvóta afnuminn og frjáls samkeppni ríkir því á milli rækjuvinnsla um hráefni til vinnslu þar sem rækjuvinnslur standa nú jafnfætis í samkeppni um hráefnið. Það kemur úthafs-rækjuútgerð-

um til góða því aflinn er seldur hæstbjóðanda en ekki landað beint til kvótahafans á verði sem ákveðið er nánast einhliða af kvótahafanum þannig að útgerðaraðilinn (þ.e. leiguliðinn) fær ekkert upp úr krafsinu nema ánægjuna af því að vinna og rækjuvinnslan sem eru handhafi kvótans og valdsins hefur fengið allan hagnaðinn fram að þessu.

Ákvörðun Jóns Bjarnasonar hefur þau áhrif að sjómenn verða ekki lengur tilneyddir ólöglega til að taka þátt í að greiða fyrir kvótaleigu í úthafs-rækjuveiðum þar sem þörfin fyrir kvótaleigu er ekki lengur til staðar hafi það átt sér stað.

Frelsi í úthafs-rækjuveiðum er fyrst og fremst stór pólitísk yfirlýsing um að kvótinn sé ekki einkaeign LIÚ fyrirtækja. Þessi ákvörðun er fordæmis gefandi fyrir fleiri tegundir sem hafa verið vannýttar á undanförunum árum og notaðar í tegundatilfærslur, auk þess mætti þessi ákvörðun ná til svokallaðra með-aflategunda. Jón Bjarnason, ráðherra, er að senda núverandi handhöfum kvótans í LIÚ skýr skilaboð. Kvótinn er ekki varanleg einkaeign þeirra og ef útgerðarmenn innan LIÚ nýta ekki kvótann þá eru forréttindi þeirra til atvinnu af úthafs-rækjuveiðum afnuminn með einu pennastriki.

Sumar raddir

Mikið held ég að mörgum þyki gott að geta treyst því að heyra rödd Jónasar Jónassonar í Ríkisútvarpinu á slaginu klukkan ellefu á föstudagskvöldum, þegar hann kynnir viðmælanda sinn. Og mikið er ég þakklát fyrir hvað sá sem á þessa rödd hefur alltaf verið sjálfum sér samkvæmur. Aldrei elt tíðarandann, en leyft þeim sem það gera að vera þeir sjálfir. Hann er kurteis, fágaður og blátt áfram. Leitast fremur við að kalla fram hver viðmælandinn er, en hver staða hans er í samfélaginu, þó að það fylgi sögunni. Það er kyrrð í röddinni hans Jónasar, og það er ekki tilviljun að þættirnir eru síðla kvölds, þegar ysin er úti. Hlustendur fá á tilfinninguna að viðmælandanum líði vel og treysti spyrjandanum.



Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
Bláðamaður

honum, tónlistin, leikhúsið eða málverkin, þá er svarið: „Ég er í rauninni óskrifad blað!“

Sigfús Halldórsson var í hópi ungs fólks sem hélt til náms í Bretlandi árið 1945, meðal annarra voru: Ævar Kvaran, Gunnar Eyjólfsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Guðrún Á. Símonar og Þuríður Pálsdóttir. Í ævminningum sínum segir Þuríður: „Sigfús Halldórsson var að læra leiktjaldamálun. Einu sinni bauð hann okkur Íslending-

Kuraris er Dadi Janki, sem hefur komið hingað til lands, eins og kunnugt er.

Þessi yfirlætislaus og glaðlega kona er vitrari en gengur og gerist. Sinnið er hjart, og hún blátt áfram og umbúðalaus. Konurnar sem stýra þessum samtökum taka hlutverk sitt og sjálfar sig alvarlega en ekki háttíðlega. Langt í frá.

Sumarið 1996 var mér boðið aftur til Oxford. Dadi Janki varð 90 ára og þeir sem höfðu setið ráðstefnu um Kall tímans fengu boðskort. Þessir dagar gleymast ekki. Í afmælishófinu var áhugavert fólk víða að úr heiminum og mikið spjallað.

Veitingar voru bæði hollar, og fallega fram reiddar, sem er regla hjá þessum samtökum. Seinna var gengið í næsta herbergi þar sem fólk tók sér sæti. Á heilum vegg birtist texti til Dadi Janki. Hann rann hægt niður í bláu ljósi, lesin af þægilegri kvenrödd, fallegur, tilgerðarlaus, einlægur og víðeigandi, og auðfundið að það fannst fleirum en mér. Þegar honum lauk kom nafn höfundarins neðst:

Jónas Jónasson.
Þegar ég sagði honum frá þessu, kom það honum í opna skjöldu. Hann hafði sent Dadi Janki einlægt bréf, en vissi ekki hvað því var gert hátt undir höfði.

Þjóðargersemar

Við þekkjum Jónas Jónasson best í gegnum útvarpið, en hann er fjölgefinn maður.

Hefur samið og flutt tónlist, samið leikrit og verið kennari. Sjálfri finnst mér hann næmur og skapandi lífskúntner. Hvað sem því líður þá er hann þjóðargersemi á sinn hátt. Það var Sigfús Halldórsson líka. Við erum sem betur fer auðug af þjóðargersemum. Fólki sem munar um og gerir okkur hin á einhvern hátt glaðari og vitrari. Ekki aðeins með lífi sínu og starfi, heldur hvernig manneskjur þau eru.

Við eigum ekki að líta á þetta sem sjálfsgöðan hlut.

” Við erum sem betur fer auðug af þjóðargersemum. Fólki sem munar um og gerir okkur hin á einhvern hátt glaðari og vitrari.

Það er ekki langt í þrjátíu ára afmæli kvöldgesta Jónasar, eitt eða tvö ár, að ég held, og ekki lítill fjársjóður sem Ríkisútvarpið á í þessum samtölum. Það var því góð hugmynd að vera með eldri viðtöl á sunnudagsmorgnum í þættinum, Sumar raddir.

Sá þáttur hefst kl. 8.05. Aftur velur Jónas tíma kyrrðarinnar.

Þegar ég kveikti á útvarpinu á sunnudaginn var Jónas að tala um Sigfús Halldórsson, og á eftir fylgdi viðtöl við hann frá árinu 1966. Þegar Jónas spyr hvernig honum hafi tekist að brosa gegnum lífið, svarar Sigfús að bragði: „Mér þykir svo vænt um fólk!“ Þeir sem þekktu hann, vita að þetta voru ekki orðiðin tóm.

Sigfús var lífsglaður og fjölhæfur maður, eins og allir vita, en þegar Jónas spyr hvað eigi mest í

unum á konsert í sal skólans sem hann var við nám í. Hann hafði flygil uppi á sviði og myndir sem hann hafði málað á trönum allt í kring. Þar söng hann fyrir okkur af hjartans lyst þekktar óperuariur – og hafði lygilega góða rödd. Þetta var óborganleg og ógleymanleg skemmtun. Við vorum að læra söng, en þessi maður sem var að læra að mála hélt fyrir okkur konsert og stóð þarna og söng eins og Caruso sjálfur!“

Kall tímans

Árið 1992 var mér boðið að taka þátt í alþjóðlegri ráðstefnu, Kall tímans, sem Brahma Kumaris hélt í einstaklega fallegum húsakynnum í Oxford, en Lótushúsið í Kópavogi er hluti af þessum samtökum. Þetta stóð í nokkra daga og var mikil upplifun. Leiðtogi Brahma

Auglýsingasími

512
54
01



Allt sem þú þarft...

Hringdu í síma

512 5060
ef blaðið berst ekki



KRYDDSMJÖR

gerir grillmat að hreinu lostæti!





Ástkær móðir okkar,

Kristín Hansdóttir,

lést laugardaginn 17. júlí á St. Franciskusspítala í Stykkishólmi. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 23. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður frá Fáskrúðarbakkakirkju síðar sama dag.

Sigurþór Hjörleifsson
Sigurður Grétar Hjörleifsson
Ríkharður Hjörleifsson

Magnús Alexandersdóttir
Ellý Renée Guðjohnsen
Siríphrapa
Ponkumthanadee

Edda Björk Hjörleifsdóttir
Jóhann Bjarni Hjörleifsson
Hjörleifur Kr. Hjörleifsson
Björn Ægir Hjörleifsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

Rannveig Kristinsdóttir (Veiga),

áður til heimilis í Yrsufelli 7,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 18. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Sigurbjörn Bjarnason
Sigríður Erla Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,

Gyfji Baldursson,

lést að heimili sínu laugardaginn 17. júlí. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 23. júlí kl. 13.00.

Arngunnur Ýr Gylfadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Baldur Gylfason
Yrsa Þóll Gylfadóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Rósa Björg Karlsdóttir,

Vesturgötu 69, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 22. júlí kl. 13.00.

Ragnar Hjartarson
Karl Ásbjörn Hjartarson
Daniel Andri Karlsson
Telma Rós Karlsdóttir

Elísabet S. Valdimarsdóttir



Ástkær vinur okkar,

Ólafur Sigurðsson

frá Syðri-Gegnishólum,
Gaulverjabæjarhreppi,

lést á Kumbaravogi laugardaginn 17. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

Svala H. Steingrimsdóttir
Margrét Ívarsdóttir
og aðrir vandamenn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Reynir Frimannsson,

Lækjargötu 30, Hafnarfirði,
áður Álfabyggð 9, Akureyri,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 11. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Eygló Indriðadóttir

Ásdís Hugufrún Reynisdóttir
Heiða Björk Reynisdóttir
og barnabörn.

Albert Einarsson
Snæbjörn Rafnsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Sonja Björg Helgason,

Bakkaseli 15, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 13. júlí sl. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 26. júlí kl. 11.00.

Helgi Þór Axelsson
Erla Björk Axelsdóttir
Ósk Axelsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Guðfinna Helgadóttir
Guðfinnur R. Kjartansson
Sigurjón Sigurðsson



Systir okkar, mágkona og frænka,

Magnúsína Kristín

Jónsdóttir

frá Efri-Engidal, Ísafirði,

lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar föstudaginn 16. júlí. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju fimmtudaginn 22. júlí klukkan 14.00.

Jón Jóhann Jónsson
Halldór Jónsson
Magdalena Jónsdóttir
og fjölskyldur.

Ásta Dóra Egilsdóttir
Guðný Indriðadóttir
Ögmundur Einarsson



Elskulegur sonur okkar og bróðir,

Viktor Kári Jónsson,

Víðivöllum 18, Selfossi,

lést þriðjudaginn 13. júlí á Barnaspítala Hringins. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítalásjóð Hringins.

Valgerður Júlíusdóttir
Júlia Birna Jónsdóttir

Jón Örvar Bjarnason



Elskulega systir okkar og frænka,

Guðrún Magnúsdóttir

frá Traðarbakka, Akranesi,
seinna Árskógum 8, Reykjavík,

lést þann 5. júlí 2010 á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látna.

Fjölskylda og aðstandendur.

BRUCE LEE LÉST Á ÞESSUM DEGI
ÁRIÐ 1973



„Gáfaður maður getur lært meira af bjánalegri spurningu en bjáni af gáfulegu svari.“

Bruce Lee var kínversk-amerískur leikari, bardagaþróttakennari, heimspækingur og kvikmyndarframleiðandi.

tímamót

timamot@frettabladid.is



VIÐ KEPPNISSTJÓRN Helgi, Sólrún, Helga, Áslog, Paul og Ragnheiður fyrir utan keppnishöllina í Kasakstan. MYND/MARTEINN ÞÓR HARÐARSON

ÓLYMPÍULEIKARNIR Í STÆRÐFRÆÐI:

Fengu heiðursviðurkenningu

Fjórar íslenskar stúlkur fengu heiðursviðurkenningu á Ólympíuleikunum í stærðfræði, sem fóru fram í Kasakstan í síðustu viku. Tveir íslenskir strákar voru einnig í liðinu. Áslog Haraldsdóttir, Ragnheiður Guðbrandsdóttir, Sólrún Halla Einarisdóttir og Helga Kristín Ólafsdóttir fengu viðurkenningu en strákarnir í liðinu, Helgi Kristjánsson og Paul Frigge, komust einnig nálægt því. Fjögur þeirra eru úr Menntaskólanum í Reykjavík, eitt frá Verzlunarskóla Íslands og eitt frá Menntaskólanum við Hamrahlöð.

„Stelpurnar fengu allar viðurkenningu fyrir að leysa eitt dæmi rétt,“ segir Bjarni Vilhjálmur Halldórsson sem fór með krökkunum út og var dómnefndarfulltrúi á leikunum. Hann og Marteinn Þór Harðarson fararstjóri voru þeim til halds og trausts.

Keppnin stendur í tvo daga og hvorn dag fá keppendur þrjú dæmi til að leysa. „Dæmin eru alveg ógurlega erfið öll, það var ekki nema einn keppandi í allri keppninni sem náði að leysa öll dæmin,“ segir Bjarni. Nokkrir náðu að leysa fimm af sex dæmum. „Við erum ekki alveg samkeppnishæf við stóru löndin svo við berum okkur alltaf saman við Norðurlöndin. Í þetta skiptið vorum við í öðru sæti meðal þeirra, sem er ágætt.“

Keppnin í Kasakstan var sú 51. í röðinni, en Íslendingar hafa sent lið til leiks í um 25 ár að sögn Bjarna. „Keppendurnir eru valdir í gegnum forkeppni í framhaldsskólunum þar sem um fimm hundruð nemendur taka þátt.“ Svo er haldin úrslitakeppni og bestu sex nemendurnir valdir í keppnina. „Þeir fara síðan í þjálfun í um fimm vikur og eru æfðir í þessum dæmum. Það er mjög mismunandi hvað mikið er gert í hverju landi, sum lönd taka þetta mjög alvarlega.“

thorunn@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfadur, afi, bróðir og sonur,

Tómas Ragnarsson

verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 22. júlí 2010 kl. 15.00.

Alfa Regína Jóhannsdóttir
Ellý Tómasdóttir
Ragnar Tómasson
Rúna Tómasdóttir
Ragnar Arnórsson
Svanhildur Steinarrsdóttir, Ólafur Jóhann Steinarrsson,
Ragna Þóra Ragnarsdóttir, Dagný Ragnarsdóttir,
Arnar Ragnarsson,
Dagný Gísladóttir, Ragnar Tómasson.

Raftækjaverslanir velja Fréttablaðið

Reyndir auglýsendur eru meðvitaðir um þá staðreynd að 95% dagblaðalesenda lesa Fréttablaðið. Þeir vita líka að Morgunblaðið bætir einungis 5% við þann hóp. Auglýsingaféð nýtist því betur þegar Fréttablaðið er valið – og það skilar árangri!

	FRÉTTABLAÐIÐ	MORGUNBLAÐIÐ
MAX	93%	7%
HEIMILISTÆKI	90%	10%
SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN HF	86%	14%
RAFKAUP	81%	19%
EINAR FARESTVEIT & CO	79%	21%
RAFHA EHF	100%	0%
RAFVÖRUMARKAÐURINN	87%	13%
ORMSSON	49%	51%
PFAFF BORGARLJÓS	85%	15%
ELKO	100%	0%

Heimild: Gagnagrunnurinn „Auglýsingamarkaðurinn í tölum“ frá Capacent Gallup 2010.

Fyrirtækin sem eru nefnd að ofan eru meðal 200 auglýsenda sem birta mest af auglýsingum í dagblöðum talið í dálksentimetrum.

Auglýsing
í Fréttablaðinu
er allt sem þarf

95%

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna

68%

Lesað bara Fréttablaðið

5%

Lesað bara Morgunblaðið

27%

Lesað bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Hrein og öflug lífræn orka

Grænt te og ginseng. Bragðbætt með Acai safi og granateplum með lágu GI-gildi, sem skilar orkunni hægt út í blóðið og gefur jafnvægi á blóðsykurinn.



Vissir þú að grænt te er vatnslosandi?

Svart te og ginseng. Orkudrykkur sem er ljúffengur á bragðið og rikur af andoxunar-efnum.



Vissir þú að POWERSHOT er svalandi drykkur?

Hvítt te og ginseng. Bragðbætt með kirsuberjasafi og Acai safi sem gefur sætt og ljúffengt bragð.



Vissir þú að lágt GI-gildi gefur jafnvægi á blóðsykurinn?

Haltu blóðsykrinum í jafnvægi

Reiðhjólið dregið fram

BAKÞANKAR Mörtu Maríu Friðriksdóttur

Reiðhjólið var dregið út úr bílskúrnum með erfiðismunum fyrr í vor, þar sem það hafði grafið undir tónum pappakössum og ýmsum ónotuðum hlutum. Hjólið hafði verið mikið notað í fyrrasumar en safnaði ryki þar til í vor. Það var þússað upp og smurt úti í garði áður en það var tekið til notkunar. Fyrstu vikurnar var það notað óspart, hjólað var til og frá vinnu og bæjarhluta á milli.



Á ÞESSUM hjólaferðum mínum kom mér mjög á óvart hversu hjólastígar eru orðnir góðir og líka ansi margir í borginni. Kannski á það sinn þátt í undrun minni að ég er nýflutt í annan borgarhluta, Vesturbæinn, og þaðan gætu hugsanlega verið betri stígar. Úr austurbænum var ég sífellt að hoppa upp og niður af hjólinu til að fara yfir götur á mishraðvirkum umferðarljósum.

ÚR VESTURBÆNUM er gaman að hjóla meðfram Ægisíðunni, inn að Nauthólsvík, út Fossvoginn og upp Ártúnsbrekkuna þar til komið er upp í Árbæ. Þetta er einstaklega skemmtileg leið, bæjarhluta á milli, og alls ekki margir staðir þar sem stoppa þarf til þess að fara yfir miklar umferðargötur á leiðinni. Varla svo að ég hafi séð bíl alla leið-

ina. Reyndar hafa verið byggðar sérstakar göngubrýr fyrir hjólandi vegfarendur og gangandi frá austurbænum upp í Breiðholt eða Árbæ sem auðveldla leiðina talsvert.

HÆGT er að ferðast bæjarhorna á milli á reiðhjóli og er tilvalið að nýta sér hjóleiða- og göngustíganetið í borginni og gera reiðhjólið að fyrsta valkosti sem farartæki, að minnsta kosti yfir sumartímann. Hjólið verður raunhæfari ferðamáti þegar leiðirnar léttast og valmöguleikum fjölgar.

HJÓLIÐ mitt hefur reyndar legið óhreyft upp við húsvegg síðasta tæpa mánuðinn. Margir vissu að ég hafði tekið hjólið í notkun aftur og hef ég undanfarið oft verið spurð út í það hvernig mér takist að hjóla alltaf til og frá vinnu og bæjarhluta á milli. Eftir að spurningin hefur verið borin upp lítur spyrjandinn á mig vongóður, blikkar augum, brosir og bíður spennur eftir svarinu sem verður oftast ekki eins og hann býst við. Svárið er að veðrið hafi sett strík í reikninginn á tímabili og svo sé bara erfitt að ná í hjólið sem hímir einmana undir húsvegg, og safnar í þetta skipti ryði en ekki ryki.

NÚ ÆTLA ég að fara að taka mig á, sækja hjólið og nýta góða hjóleiðastíga borgarinnar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



FRUMSÝNUM NÝJA ÚTGÁFU AF EINUM
VINSÆLASTA SPORTJEPPA LANDSINS

QASHQAI+2



Nissan Qashqai hefur hlotið fleiri stig fyrir öryggi fullorðinna í árekstrarprófunum en nokkur annar bíll.

Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Í dag kynnum við glænýja og mikið endurnýjaða útgáfu af þessum frábæra sportjeppa sem nú fæst líka í 7 manna útgáfu, **Qashqai+2**. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

Verið velkomin í reynsluakstur

Qashqai kostar frá:
4.990.000 kr.



NISSAN MICRA - Verð frá 2.490.000 kr.



NISSAN NOTE - Verð frá 2.740.000 kr.

Qashqai fylgir ríkulegur staðalbúnaður, m.a.:

- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- 17" álfelgur
- Bakkskynjarar
- Tvöföld loftkæling
- Regnskynjarar á rúðupurrkum
- ESP stöðugleikastýring
- Glerpak (Qashqai+2)
- 7 sæti (Qashqai+2)

B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

www.nissan.is



SHIFT_the way you move

NÝTT Í BÍÓ!

16 LUXUS

News of the World
Timeout London
Óttinn ris á ný... í þessum svaklega spennutrylli

650 kr.
Gildir ekki í Lúxus

SHREK FOREVER AFTER 3D

Bráðfyrnind og hjartnæm frá byrjun til enda. Lang besta Shrek myndin og það eru engar ykkur - Boxoffice Magazine

650 kr.
Gildir ekki í 3D

650 kr.

"Hraðskreio og hláðin fjöri. Tom Cruise hefur sjaldan verið hressari!" - T.V. Kvikmyndir.is

"Fullkomlega óhætt að mæla með Knight and Day sem lauttettu sumarsprelli!" - S.V., MBL

MISSIÐ EKKI AF HASAR GAMANMYND SUMARSINS

KNIGHT AND DAY

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000

PREDATORS	kl. 8-10:20	16
PREDATORS LUXUS	kl. 5:40-8-10:20	16
SHREK 4 3D ISL TAL	kl. 3:30-5:45	L
SHREK 4 3D ISL TAL	kl. 3:30-5:45	L
SHREK 4 3D ENSKT TAL	kl. 3:30-5:45	L
KNIGHT AND DAY	kl. 8-10	12
KILLERS	kl. 10:30	12
GROWN UPS	kl. 3:30-5:45-8-10:20	L

HÁSKÓLA BÍÓ
SÍMI 530 1919

PREDATORS	kl. 5:40-8-10:20	16
KNIGHT AND DAY	kl. 5:30-8-10:30	12
KILLERS	kl. 5:45-8-10:15	12
GROWN UPS	kl. 5:45-10:30	L
THE A TEAM	kl. 8	12

BORGAR BÍÓ
SÍMI 462 3500

PREDATORS	kl. 8-10	16
KNIGHT AND DAY	kl. 8-10	12
KILLERS	kl. 6	12

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SHREK FOREVER AFTER 3D

600 KR. í 2D
900 KR. í 3D

PREDATORS

600 KR.

KNIGHT AND DAY

600 KR.

TILBOD Í BÍÓ. Gildir á allar sýningar dagsins.

SHREK 4 ENSKT TAL 3D	4, 6 og 8	L
SHREK 4 ISLENSKT TAL 2D	4	L
SHREK 4 ISLENSKT TAL 3D	4 og 6	L
PREDATORS	8 og 10 (POWER)	16
KNIGHT AND DAY	5.50, 8 og 10.10	12
THE A - TEAM	10.10	12

PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ISLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. kl. 1:30-3:40-5:50	L
SHREK SÆLL ALLA DAGA	Ísl. Tali kl. 1:30-3:40-5:50	L
SHREK FOREVER AFTER-3D	ensku Tali kl. 8-10:10	L
BOBBERI	kl. 8-10:10	14
TWILIGHT SAGA : ECLIPSE	kl. 5:40-8-10:40	12
TWILIGHT SAGA	kl. 3-5:40-8-10:40	12
NIGHTMARE ON ELM STREET	kl. 10:50	16
LEIKFANGASAGA 3	Ísl. kl. 1-1:30-3:20-3:40-5:50	L
TOY STORY 3	ensku Tali kl. 8-10:20	L
SEX AND THE CITY 2	kl. 8	12
PRINCE OF PERSIA	kl. 5:40	10
AD TENJA DREKANN SINN 3D	Ísl. Tali kl. 1:30-3:40	L

SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. Tali kl. 3:40-5:50	L
SHREK FOREVER AFTER-3D	ensku Tali kl. 8-10:10	L
LEIKFANGASAGA 3 - 3D	M/Ísl. Tali kl. 3:20-5:40	L
TOY STORY 3-3D	M/ensku Tali kl. 8	L
BOBBERI	kl. 10:20	14
TWILIGHT SAGA : ECLIPSE	kl. 5:30-8-10:40	12

SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. Tali kl. 6	L
SHREK FOREVER AFTER-3D	ensku Tali kl. 8-10	L
LEIKFANGASAGA 3	Ísl. Tali kl. 6	L
TWILIGHT SAGA : ECLIPSE	kl. 8	12
BOBBERI	kl. 10:30	14

SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. Tali kl. 6-8	L
GROWN UPS	kl. 10:10	L
KILLERS	kl. 8-10:10	L
BOBBERI	kl. 6	14

Aftur mætt

Söngkonan Leann Rimes ákvað að taka niður Twitter-síðu sína fyrir skemmstu vegna leiðinlegra ummæla. Stúlkan sagðist ætla að hætta á Twitter og einbeita sér þess í stað að persónulegri málum. Rimes þóldi þó ekki nema tíu daga án Twitters og var komin aftur á kreik nú í vikunni með þessum orðum: „Sælt veri Twitterland. Hef sakað að ykkar og langaði að heilsa upp á ykkur. Ég á mikið af yndislegum aðdáendum og ég



vil að þið vitið að ég kann að meta ykkur öll.“ Rimes og unnusti hennar, leikarinn Eddie Cibrian, hafa verið í ónáð hjá mörgum eftir að upp komst um framhjáald þeirra, en þau voru bæði gift þegar samband þeirra hófst.

MÆTT AFTUR Leann Rimes er mætt aftur á Twitter, tíu dögum eftir að hún sagðist vera hætt.

Vill helst að konan vinni

Samkvæmt tímaritinu In Touch Weekly ætlast Danny Moder, eiginmaður leikkonunnar Juliu Roberts, til þess að hún taki öll þau kvikmyndahlutverk sem henni bjóðast. Hjónin eiga saman þrjú börn, Hazel, Phinnaeus og Henry, og vill Roberts helst eyða sem mestum tíma með þeim en Moder hefur áhyggjur af því að hlutverkin hætti að streyma inn ef Roberts neitar einu einasta. „Danny er alltaf að segja henni að ef henni bjóðist starf verði hún að taka því. Hann óttast að annars muni tilboðunum hætta að rigna inn,“ var haft eftir ónefndum heimildarmanni.

VINNUSÖM Eiginmaður Juliu Roberts vill ekki að hún afþakki vinnutilboð.



Tónlist ★★★
Milljón mismunandi manns
Steve Sampling



Skemmtileg þemaplata

Steve Sampling er listamannsnafn Stefáns Ólafssonar. Hann er búinn að vera einn af atkvæðameiri taktasmiðum og upp-tökustjórnum íslensku hip-hop senunnar undanfarin ár. Hann er meðlimur í Audio Improvement, hefur spilað sem plötusnúður og gert remix, m.a. af Sæglópi Sigurðsari. Milljón mismunandi manns telst vera hans þriðja plata í fullri lengd, en hinar fyrri, The Dawn is Your Enemy (2006) og Borrowed & Blue (2007) voru að mestu leyti án orða. Milljón mismunandi manns er upptökustjórplata. Steve semur alla tónlistina og tekur upp, en svo fær hann ýmsa rappara til að semja texta og fara með á plötunni. Þetta er þemaplata sem fjallar um skrutlega nótt ungs manns í Reykjavík, en allir rapparnir sömdu sína texta út frá handriti sem þeir fengu frá Steve.

A meðal þeirra sem koma fram á plötunni eru Gnúsi Yones, Steinar Fjeldst úr Quarashi, Birkir B og Diddi Fel úr Forgotten Lores, Marlon Pollock úr Anonymous, G. Maris, Brjánsi, Mezzias MC og B-Kay sem var í Dáðadrengrum. Þéttur hópur.

Þetta er að mörgu leyti fin plata. Tónlistin er að stærstum hluta hægð og stemningsfull. Hljómurinn er flottur og það er greinilegt að Steve kann sitt fag. Steve hefur verið sterkur í chill- og trip-hop-deildinni og hún fær sitt pláss á plötunni, en líka sálarónlist, r&b og elektró. Rapparnir standa sig margir vel. Lögin eru mis bitastæð. Mín uppáhaldslög á plötunni eru Dagsbrot (Birkir B), Hey Yo! (B-key), Leyfum okkur smá (Diddi Fel), Skyndilega svona (Brjánsi), Klukkan fimm (Gnúsi Yones) og Alla leið (Steinar Fjeldst). Á heildina litið ágæt plata sem óhætt er að mæla með fyrir aðdáendur íslenskrar rapptónlistar.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Skemmtileg þemaplata frá Steve Sampling og úrvalsliði íslenskra rappara.



INCEPTION Leonardo DiCaprio brýst inn í drauma fólks í myndinni Inception.

Inception vinsælust

Kvikmyndin Inception með Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki fór beint á toppinn vestanhafs, og varð aðsóknarmesta mynd síðustu helgar. Hún hrifaði toppsætið af teiknimyndinni Despicable Me með því að hala inn rúmar 60 milljónir dollara, eða yfir sjö milljarða króna. Ævintýramyndin The Sorcerer's Apprentice fór beint í þriðja sætið. Inception, sem verður frumsýnd hérlendis á miðvikudag, er aðsóknarmesta opnunarmynd DiCaprio og hefur henni verið spáð góðu gengi á næstu Óskarshátíð. Í myndinni leikur hann leiðtoga hóps sem brýst inn í drauma fólks.

Gerber og Nestlé barnamaturlína kynna með stolti

Ponijao
Opuwo, Namibíu

Mari
Tókyó, Japan

Bayar
Bayanchandmani, Mongólíu

Hattie
San Francisco, Kaliforníu

Allir elska börnin

BABIES

Frumnýnd í Smárabíói og Háskólabíói 21. júlí

græna ljósið

Í KVÖLD

VIÐ MÆLUM MEÐ

Gavin and Stacy
Stöð 2 kl. 22.05

Önnur þáttaröðin af þessum bresku gamanþáttum og eins og áður er rómantíkin allsráðandi. Í fyrstu þáttaröðinni kynntumst við Gavin og Stacey, sem ákváðu að gifta sig eftir að hafa verið saman í mjög stuttan tíma. Nú eru hveitibrauðsdagarnir senn á enda og alvaran tekin við.



STÖÐ 2 KL. 21.20

White Collar

Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er einn af góðkunningjum lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflíbbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvíst.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst	12.00 Hádegisútvarpið	18.00 Kvöldfréttir
06.40 Veðurfregnir	12.20 Hádegisfréttir	18.22 Syrpan
06.50 Bæn	12.45 Veðurfregnir	18.50 Veðurfregnir
07.03 Morgunfrúin	12.50 Dánarfregnir	18.53 Dánarfregnir
07.30 Fréttayfirlit	13.00 Flakk	19.00 Stefnumót
08.00 Morgunfréttir	14.03 Tónar að nóni	20.00 Leynifélagið
08.05 Morgunfund með KK	15.03 Útvarpssagan: Út að stela hestum	20.30 Í heyranda hljóði
08.30 Fréttayfirlit	15.25 Þriðjudagsdjass	21.30 Kvöldsgagan: Vatnaniður
09.05 Okkar á milli	16.00 Síðdegisfréttir	22.10 Orð kvöldsins
09.45 Morgunleikfimi	16.05 Á sumarvegi	22.15 Fnykur
10.13 Tónlist fólksins	17.03 Viðsjá	23.10 Sumar raddir
11.03 Samfélagið í nærmynd		00.05 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

19.30 The Doctors Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir lækningar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

20.15 Ally McBeal (16:22) Ally stressast upp þegar þriðja stefnumót þeirra Victors nálgast og Cage finnur hina eina sönnu á ólíklegum stað.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.45 Glee (20:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

22.30 So You Think You Can Dance (8:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins tíu bestu dansaramir eru eftir í keppinni. Keppendur þurfa því að leggja enn meira á sig til að eiga möguleika á að halda áfram.

23.55 So You Think You Can Dance (9:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

00.40 Torchwood (4:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsvið sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.

01.30 Ally McBeal (16:22)

02.15 The Doctors

03.00 Sjáðu

03.30 Fréttir Stöðvar 2

04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.10 Only Fools and Horses 12.40 My Family
13.10 My Family 13.40 After You've Gone 14.10 After You've Gone 14.40 The Weakest Link 15.25 Dalziel and Pascoe 16.15 EastEnders 16.45 The Weakest Link 17.30 After You've Gone 18.00 Whose Line Is It Anyway? 18.30 Grownups 19.00 Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) 19.30 Mistresses 20.20 Grownups 20.50 Whose Line Is It Anyway? 21.20 Doctor Who 22.05 Doctor Who 22.50 After You've Gone 23.20 Whose Line Is It Anyway? 23.50 Grownups

DR 1

12.00 DR-Explorer 12.30 Og det var Danmark
13.00 Sommertid 13.30 Ønskehaven 14.00 That's So Raven 14.25 Caspers skrämmeskole 14.50 Hyrdehunden Molly 15.00 Minisekterne 15.05 Peter Pedal 15.30 Lille Nørd 16.00 Hvad er det værd? 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Og det var Danmark 17.30 Ønskehaven 18.00 Det sove liv 18.30 Forsvundne Danskere 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret 19.35 Aftentour 2010 20.00 Vilde roser 20.45 En ny start 22.15 Redningstjenesten på vej 22.45 Naruto Uncut 23.05 Naruto Uncut

NKI

12.20 Sommertid 12.50 Smaken av Danmark
13.20 Ut i naturen 13.50 Sommeråpent 14.40 Dallas 15.30 Kroppen 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Kokkekamp 16.40 Norge i dag 17.00 Dagsrevyen 17.30 Grønn glede 18.00 En livskraftig planet 18.50 Extra-treking 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.20 Pinlige sykdommer 21.05 Kveldsnytt 21.20 Hva skjedde med 22.05 Mitt møte med Taliban 22.35 Damenes detektivbyrå nr. 1 23.30 Svisj gull

SVT 1

12.35 María 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Om Stig Petrés hemlighet 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Engelska Antikrundan 17.15 K-märkt form 17.20 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Allsång på Skansen 19.00 Morden i Midsomer 20.30 Resan till hopp och smärta 22.10 Cleo 22.40 Nattbam

Síminn ICELANDAIR 101

SPORT 2

PREMIER LEAGUE

VEISLAN HEFST

14 JULI 2010

Tekst Liverpool að bæta fyrir vonbrigðin frá síðasta tímabili undir stjórn Roy Hodgsons? Spennan magnast. Tryggðu þér áskrift og fylgstu með besta bolta í heimi frá byrjun.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

100%



endurgreiðsla

á virðisaukaskatti af keyptri vinnu
og allt að 300.000 kr. frádráttur
frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

Gæða- pakefni í BYKO!

Íslensk framleiðsla
í hæsta gæðaflokki.

Í BYKO færðu allar gerðir og liti
af gæðapakefni á frábæru verði.



EXPO - www.expo.is




FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigurgangan heldur áfram
Hönnuðurinn og fagurkerinn **Aron Bergmann** hreppti annað sætið í árlegum heybyggaskreytingum ásamt dætrum sínum tveimur, en keppnin er haldin í tengslum við fjölskylduhátíðina Kátt í Kjós. Sigurganga Arons virðist því ætla að halda áfram en hann hreppti einmitt fyrsta sætið í mottukeppninni sem haldin var á skemmtistaðnum Boston í lok mars. Aron þótti skarta fallegustu mottu landsins árið 2010 og þótti það nokkuð vel af sér vikið því motturnar voru hver annarrí myndarlegri í ár.

Babb í bústað Bjarna
Sagt var frá því um helgina að tveir fimmtán ára unglingar hefðu slasast í fjórhjólaskyngi í Skorradal. Þeir voru fluttir með sjúkrahúsi á spítala í Reykjavík en reyndust ekki mjög alvarlega slasaðir, þótt annar hefði síðan þurft að snúa aftur á spítalann til að láta gera frekar að sárum sínum. Unglingarnir munu hafa verið, ásamt fleirum, í samkvæmi í sumarbústað **Bjarna Ármannssonar**, fyrrverandi forstjóra Glitnis, þegar slysið varð. Þar var verið að kveðja son Bjarna, sem er á leið norður yfir heiðar, í Menntaskólann á Akureyri.

- Mest lesið** **VÍSIR.IS**
- 1 Ég vona að hann rotni í helvíti
 - 2 Eiginkona fórnarlamb segir dóm of vægan
 - 3 Ungmenni köstuðu sér í Sogið til að kæla sig
 - 4 Þrýstikútur sprakk í andlit manns á sextugsaldri
 - 5 Ómar Ragnarsson: Ég er ekki að brjóta nein lög
 - 6 Ósáttur við að allt sé lokað á háannatíma



BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

SARAR

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Herra Lagerinn outlet
líka fyrir konur

Rýmning!
LOKADAGAR!
80%

afsláttur af öllum vörum

á meðan birgðir endast!

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)